



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ


31. júlí 2007 – 206. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Merkur maður



Ingmar Bergman, einn virtasti kvikmyndaleikstjóri allra tíma, lést í gærmorgun.

FÓLK 22

### Útvaldir Íslendingar

Lioba Reddeker, sýningarstjóri austurríska galleríns Hangar-7, velur sjö Íslendinga til að sýna á safninu í haust.



MENNING 21

### Sól og skjól á Lækjartorgi

„Borgarstjóri hafði uppi stór orð um umfangsmikil uppkaup borgarinnar á brunnum eignum. Ekkert hefur spurst til þessara yfirlýsinga síðan,“ segir Dagur B. Eggertsson.

Í DAG 16


### Logi tekinn við KR



Teitur Þórðarson er hættur sem þjálfari KR í Landsbankadeild karla og við starfi hans hefur tekið Logi Ólafsson.

ÍDRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTUSAMT** - Í dag verða yfirleitt austlægar áttir. 10-15 m/s austan til í fyrstu og síðan einnig norðan til og á Vestfjörðum. Rigning eða skúrir víða um land. Hiti 10-16 stíg að deginum, mildast til landsins vestan til.

VEÐUR 4

### Þriðjudagar

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

## Sjálfboðaliðar borga sig inn á þjóðhátíð

Sjálfboðaliðar sem standa fyrir átaki gegn nauðgunum um verslunarmannahelgina þurfa að greiða fullan aðgangseyri á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Talsmaður hátíðarinnar segir alla þurfa að borga, líka starfsfólk hátíðarinnar og listamenn.

**FORVARNIR** „Við fáum að vera þarna, en það er ekki mikið meira,“ segir Gísli Hrafn Atlason, talsmaður karlahóps feministafélagsins, en tíu sjálfboðaliðar úr hópnum eru á leið á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgina til að ræða við karlmenn um nauðganir. Þeir þurfa að greiða aðgangseyrinn fullu verði.

Gísli segir að með auknum sýnileika samtaka og sjálfboðaliða sem vinna að forvörnum gegn nauðgunum fjölgi tilkynningum um slík brot. „Það er svo skrýtið,“ segir Gísli, „að það er eins og sumir séu hræddir við að hátíðin fái á sig einhvern stimpil. Að þetta verði þekkt sem nauðgunarhátíðin eða eitthvað í þá veru.“

Tíu þúsund krónur kostar á hátíðina, auk ferðakostnaðar, og hefur hópurinn safnað styrkjum til ferðarinnar.

Tryggvi Már Sæmundsson, einn talsmanna þjóðhátíðar, segir að allir þurfi að borga fullt verð á hátíðina. „Við erum með menn inni í dal sem vinna frá morgni til kvölds fyrir félagið og þeir þurfa að borga sig inn.“ Hann segir það sama gilda fyrir skemmtikrafta, þótt oftast sé aðgangseyririnn innifalinn í greiðslu til þeirra.

Áður fyrr voru veittir frímiðar, en því hefur nú verið breytt. „Fyrir nokkrum árum gekk þetta svo út í öfgar. Frímiðar voru orðnir svo margir að það þurfti að gera skurk í þessu og við ákváðum að hafa það bara þannig að allir yrðu að borga sig inn,“ segir Tryggvi.

Tryggvi fullyrðir að eftirlit og forvarnastarf sé þegar í nægilega góðum höndum. „Við erum með teymi sem sinnir þessu, sálfræðinga á vakt allar nætur og fleira. Við teljum okkur vera með hæft

fólk á öllum sviðum.“

Gísli segir kveða við allt annan tón í viðskiptum hópsins við forvarsmenn hátíðarinnar Ein með öllu á Akureyri. „Við höfum átt ofsalega gott samstarf við þá. Það hefur verið gjörsamlega til fyrirmyndar,“ segir hann.

„Við ákváðum strax þegar við fórum af stað með þessa hátíð fyrst að vinna náði með öllum sem koma að þessum málum; til dæmis Vímulausri æsku og Aflinu, systursamtökum Stígamóta,“ segir Bragi V. Bergmann, einn aðstandenda hátíðarinnar á Akureyri. „Þegar við fréttum af þessum ágætu samtökum þá buðum við þeim að fyrra bragði að koma til okkar og hjálpa okkur að standa vaktina. Við teljum að það sé algjörlega lífsnauðsynlegt að hafa þetta samráð.“ - sh



AÐ LOKNU SLÖKKVISTARFI Viðbygging er ónýt eftir bruna í Búðardal.

## Slökkviliðsmenn í Búðardal: Voru snöggir að slökkva bálið

**BÚÐARDALUR** Slökkviliðsmenn í Búðardal voru snarir í snúningum þegar minni háttar bruni varð í sveitinni.

Skammhlaup varð í rafmagnsdós í lítilli viðbyggingu húss eins. Húsfreyjan var inni við og hringdi eftir aðsoð. Maður hennar og barn þeirra voru þá úr allri hættu úti í bílskur.

Viðbyggingin er ónýt en Þorsteinn Jónsson, varðstjóri lögreglunnar í Borgarnesi, segir slökkviliðsmennina hafa komið í veg fyrir frekara tjón.

Slökkviliðið notast við lítinn pallbíl sem var smíðaður á Dalvík og notar blöndu af lofti, vatni og froðu til að slökkva elda. - kóp

## Hernaðaraðgerðum lýkur: Síðasta herdeild Dana fer heim

**DANMÖRK** Sjö af átta herdeildum Dana í Írak hafa yfirgefið landið. Síðasta herdeildin átti að yfirgefa landið í dag en flugvélin sem flytja átti hermennina til Kúveit er ónýt. Því er beðið eftir nýrri vél. Þetta kemur fram í fréttum TV2/Nyhederne í Danmörku.

Þegar síðasta herdeildin yfirgefur Írak telst hernaðaraðgerðum Dana í landinu lokið. Þó mun um 50 manna hópur vera eftir til ársloka. Hópurinn mun stjórna herþrylrum til að styðja við hersveitir Breta. - þeb



**BENEDIKT HJARTARSON Á LEIÐ Í LAND** Það tók fyrstu menn ekki nema hálf tíma að synda út í Viðey og til baka, en leiðin fram og til baka er um það bil tveir kílómetrar. Margir létu sér nægja að synda út í ey og komu með bát til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

30 manna hópur synti út í Viðey í gær:

## Sjórinn var svolítið kaldur

**ÚTIVIST** Þrjátíu manna hópur sundfólks synti út í Viðey í gær. Margir létu staðar numið í Viðey og komu með bát til baka en nokkrir syntu báðar leiðir.

Hálf dán Örnólfsson og Heimir Örn Sveinsson syntu báðar leiðir og voru fyrstir til baka. Sundið tók þá aðeins um hálf tíma, en þeir komu í land talsvert á undan næsta fólki. „Hann var svolítið

kaldur,“ sögðu þeir. „Þetta eru um það bil tveir kílómetrar og útfallið við eyjuna er talsvert.“

Hálf dán og Heimir eru báðir vanir sjósundmenn. „Við höfum synt saman út í Skrúð, Hvalfjörðinn og svo aðstoðaði ég Benedikt Hjartarson í Ermar-sundssundinu hans,“ segir Heimir.

Það var Benedikt Hjartarson

sem skipulagði hópsundið. „Þetta er draumur allra sem eru í þessu, hér er samankomið fólk sem hefur misjafna getu og kunnáttu,“ segir hann. Bátur fylgdi sundfólkinu ef einhver hefði þurft að aðstoð að halda, en á það reyndi ekki. Benedikt segir vegalengdina ekkert mjög langa en það að synda í Viðey þyki merkilegt. - þeb

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINI

# RISA

MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINI

## Aðeins 3 dagar eftir

TÓNLIST - TÖLVULEIKIR DVD MYNDIR

# 20%

aukaafsláttur af öllum vörum



Tré, hvað segirðu gott?

„Takk fyrir að hringja í tré. 500 krónur verða nú gjaldfærðar á símreikning þinn.“

„Hringdu í tré“ er átak á vegum Reykjavíkurborgar. Ef hringt er í númerið 900 9555 gjaldfærast 500 krónur á símreikning hringjandans. Fjármagnið rennur óskert til Skógræktarfélags Reykjavíkur sem gróðursetur tré í landi Reykjavíkurborgar.

Næststærsti sparisjóðurinn ræðir við þann sjötta stærsta um samruna:

## Bregðast við aukinni samkeppni

**SPARISJÓÐIR** Viðræður eru hafnar á milli stjórna Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Norðlendinga um mögulegan samruna sparisjóðanna til að styrkja stöðu þeirra gagnvart aukinni samkeppni á innlendum fjármálamarkaði.

Horft yrði til skiptihlutfalla sem tækju mið af hálfárs uppgjörum sparisjóðanna, sem verða birt í lok ágúst, en engin tíma-mörk liggja fyrir. Sameining sem þessi er háð blessun stofnfjáreigenda sjóðanna, FME og Samkeppniseftirlitsins.

Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri Byrs, segir að Byr hafi alla tíð átt gott samstarf við Norðlendinga. „Sparisjóður Norðlendinga er vel rekinn sjóður og rekstur hans fellur ágætlega að því sem við erum að gera.“



**FORSVARSMENN BYRS** Vilja sameinast SPK og ræða nú við Sparisjóð Norðlendinga.

Byr, sem varð til við samruna Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs vélstjóra á síðasta ári, vinnur nú að sameiningu við Sparisjóð Kópavogs (SPK) sem stjórnir sjóðanna hafa samþykkt. Sú sameining bíður samþykkis stofnfjáreigenda beggja sjóða og FME.

Byr er annar stærsti sparisjóður landsins en Sparisjóður Norðlendinga sá sjötti stærsti í eignum talið. Byr hagnaðist um tæpa 2,7 milljarða króna á síðasta ári og námu heildareignir hans í árslok um 104 milljörðum króna.

Sparisjóður Norðlendinga skilaði um 186 milljónum króna í hagnað í fyrra. Heildareignir sjóðsins voru um 12,6 milljarðar króna um síðustu áramót.

- eþa

## Lést í bifhjólslýsi



Maðurinn sem lést í bifhjólslýsi á laugardagskvöld á Biskupstungnabraut, á móts við verslunina Minni-Borg í Grímsnesi, hét Gunnlaugur Björnsson, fæddur 1977. Gunnlaugur bjó í foreldrahúsum í Hveragerði. Hann var ókvæntur og barnlaus.

## Skrifaði bréfið áður en atlagan var gerð

Maðurinn sem svipti sig lífi eftir morðið á sunnudag skrifaði bréf til lögreglu áður en hann lagði af stað til verksins. Maðurinn átti ríffilinn sjálfur og hafði lengi ofsótt konuna. Lögreglan segir morðið hafa verið skipulagt fyrirfram.

**LÖGREGLUMÁL** Árásarmaðurinn á Sæbrautinni í fyrradag hafði skrifað bréf til lögreglu áður en hann framdi ódæðið. Bréfið skildi hann eftir við hlið sér í Hrafnagjá á Þingvöllum, þar sem hann svipti sig lífi, einum og hálfum tíma eftir morðið.

Lögregla telur morðið hafa verið skipulagt fyrirfram, að sögn Sigurbjörns Víðis Eggertssonar aðstoðaryfirlögsluþjóns. Morðinginn átti sjálfur ríffilinn sem hann skaut úr. Ekki er vitað hvenær hann keypti hann eða hvort það var eingöngu gert í þessum tilgangi.

Málsatvik voru þau að fórnarlambið, 35 ára karlmaður, var að skipta um hjólabarða á bifreið sinni á Sæbraut. Lögregla hefur ekki getað svarað hvort morðinginn hafi valdið skaðanum á bílnum eða hvort hann hafi veitt þeim myrta eftirför.

Árásarmaðurinn hleypti einu skoti úr ríffilinum í brjósthol mannsins, samkvæmt lækni. Lungað fylltist af blóði og dró það manninn að lokum til dauða.

Sendiferðabílstjórinn Eiríkur Eiðsson tók fórnarlambið upp í bíl sinn og ók honum að Laugardalslaug þar sem hringt var á sjúkrabíl. Maðurinn var úrskurðaður látinn á bráðadeild Landspítalans klukkan 13.00.

Á sama tíma fannst morðinginn andvana í bifreið sinni á Þingvöllum og hafði hann framið sjálfsvíg með sama ríffli. Bréfið til lögreglu útskýrði tengsl milli málanna. Ástæða morðsins var sú að hinn myrta hafði nýver-



Á VETTvangi Árásarmaðurinn skaut þann myrta með eigin ríffli áður en hann flúði af vettvangi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

id tekið upp ástarsamband við fyrrverandi eiginkonu árásarmannsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði árásarmaðurinn lengi ofsótt konuna.

Jón Friðrik Bjartmarz, yfirlögsluþjónn hjá sersveit lögregluunnar, staðfesti við Fréttablaðið að þrjár bílar sersveitarinnar hefðu farið á vettvang. Sersveitarmenn vopnuðust vegna málsins, en ekki kom til neinnar hand-

töku eins og gefur að skilja. Ekki er algengt að sersveitarmenn vopnist, en það gerist nokkrum sinnum á ári, að sögn Jóns.

Rannsókninni lýkur líklegast innan fárra daga, en málið telst upplýst. Ekkert vitni hafði gefið sig fram við lögreglu í gær. Morð var síðast framið á Íslandi 20. ágúst 2005 þegar maður stak annan til bana með hníf á Hverfisgötu.

steindor@frettabladid.is

Hin norska Marta Lovísa:

## Prinsessan í veikindaleyfi

**NOREGUR, AP** Norska prinsessan Marta Lovísa hefur tekið sér veikindafri. Talsmaður norsku hallarinnar tilkynnti þetta í gær. Ekki var gefið upp af hvers konar veikindum hún þjáist.

Prinsessan hefur verið mikið í fréttum undanfarið vegna skóla sem verið er að setja á stofn í Noregi. Skólinn hyggst meðal annars kenna fólki að tala við engla. Marta Lovísa lýsti því yfir á heimasíðu skólans að hún geti talað bæði við hesta og engla. Hún hefur einnig greint frá því að hún sé skyggn.

- þeb

Ólæti á Klapparstíg:

## Kýldu veitingamann og hentu til húsgögnum

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn köstuðu til húsgögnum og börðu starfsmann veitingastaðar á Klapparstíg er hann reyndi að inna þá eftir greiðslu.

Mennirnir fjórir sátu á staðnum á sunnudagskvöldið og drukku áfengi og hugðust þeir yfirgefa staðinn án þess að greiða fyrir veigarnar. Starfsmaður veitingahússins var kýldur þegar hann reyndi að stöðva mennina.

Lögreglan kom á svæðið og handtók þann sem hafði sig mest í frammi. Hinum mönnum tókst að komast burt áður en lögreglan kom á svæðið.

- aví

## LANDHELGISGÆSLAN

### Sótti mann í Borgarnes

Landhelgisgæslan sótti hjartveikan mann í Borgarnes í gær. Læknir hringdi eftir hjálp um klukkan 10 um morguninn. Þýrlan fór í loftið klukkan 10.45 og maðurinn var kominn á Borgarspítalann klukkutíma síðar.

- pal

## BÍLL DAGSINS

### OPEL MERIVA 1.6

Nýskr. 02.06 - Beinskiptur - Ekinn 16 þús. km.



Verð  
1.550.000

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

Veðraskil hafa orðið og Ísland aftur komið í sporbraut lægða:

## Íslenskt veður fram undan

**VEÐUR** „Það má segja að allt annað sé í kortunum en var fyrri hluta sumars,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur um veðrið fram undan. Veruleg umskipti urðu í veðrinu á sunnudag.

„Í stað þess að lægðirnar gangi suður fyrir land og hér sé góðviðri fara lægðirnar yfir okkur eða meðfram ströndum. Þetta þýðir að vindar og vatn verður daglegt brauð. Þetta veður í raun miklu eðlilegra veður en þessi lengsti kafli Íslands-sögunnar í góðviðri ef ég leyfi mér að taka svo djúpt í árinna þótt það sé alltaf matsatriði hvað sé gott veður.“ Talsvert önnur lögur er á Azor-eyjahæðinni og hún ýtir lægðunum að Íslandi og loftþrýstingur norðan við land er orðinn lægri. Ísland er komið í sporbraut lægða eins og eðlilegt er.

„Ég er ekki að segja að við fáum



**RIGNING FRAMUNDAN** Sigurður Þ. Ragnarsson vill minna á að varasamt sé að aka með hjólhýsi fari vindur yfir fimmtán metra á sekúndu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ekki góða daga. Það rofar til á sunnanverðu landinu á miðvikudag og fimmtudag. En síðan tekur við vatnsveður fyrri part verslunarmannahelgar með allnokkrum vindi. Það veður þó batnandi veður

eftir sem líður á verslunarmannahelgi. Vind lægir og þurrara verður á Norður- og Norðausturlandi og það endar í rólegheitaveðri á verslunarmannadaginn á mánudag.

- pal

# ÞEGAR VIÐ SEGJUM BETRI NOTAÐIR BÍLAR ÞÁ MEINUM VIÐ ÞAÐ



**Toyota Avensis S/D Sol**  
1800 Bensín 5 gíra.  
Á götuna: 11.05 Ekinn: 34.000 km  
Verð: 2.170.000 kr. Skr.nr. SD-388



**Toyota Avensis S/D Sol**  
1800 Bensín sjsk.  
Á götuna: 06.05 Ekinn: 48.000 km  
Verð: 2.130.000 kr. Skr.nr. VO-225



**Toyota Avensis S/D Terra**  
1800 Bensín 5 gíra.  
Á götuna: 03.03 Ekinn: 90.000 km  
Verð: 1.230.000 kr. Skr.nr. MJ-818



**Toyota Avensis W/G Terra**  
1800 Bensín 5 gíra.  
Á götuna: 05.02 Ekinn: 97.000 km  
Verð: 1.090.000 kr. Skr.nr. LJ-082



**Toyota Aygo**  
1000 Bensín 5 gíra.  
Á götuna: 06.06 Ekinn: 7.000 km  
Verð: 1.260.000 kr. Skr.nr. PN-415



**Toyota Corolla W/G Terra**  
1400 Bensín 5 gíra.  
Á götuna: 05.05 Ekinn: 41.000 km  
Verð: 1.490.000 kr. Skr.nr. SS-352



**Toyota Hilux D/C**  
2500 Dísel 5 gíra.  
Á götuna: 02.06 Ekinn: 40.000 km  
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. OJ-165



**Toyota Hilux D/C 2.5**  
2500 Dísel 5 gíra.  
Á götuna: 11.06 Ekinn: 16.000 km  
Verð: 2.770.000 kr. Skr.nr. ZT-218



**Toyota Land Cruiser 120 VX**  
4000 Bensín sjsk.  
Á götuna: 06.04 Ekinn: 80.000 km  
Verð: 4.150.000 kr. Skr.nr. NZ-355



**Toyota RAV4 4WD**  
2000 Bensín sjsk.  
Á götuna: 06.05 Ekinn: 57.000 km  
Verð: 2.500.000 kr. Skr.nr. PD-142



**Toyota RAV4 4WD**  
2000 Bensín sjsk.  
Á götuna: 05.05 Ekinn: 49.000 km  
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. PS-742



**Toyota Yaris 5 dyra Sol**  
1300 Bensín 5 gíra MM.  
Á götuna: 03.07 Ekinn: 3.000 km  
Verð: 1.690.000 kr. Skr.nr. PM-334

## BNB-sölugreining

Bílamir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

GAJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	61,88	62,18
Sterlingspund	125,31	125,91
Evra	84,55	85,03
Dönsk króna	11,362	11,428
Norsk króna	10,552	10,614
Sænsk króna	9,184	9,238
Japanskt jen	0,523	0,526

SDR	94,68	95,24
-----	-------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

114,7718

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Flassari við Gullinbrú:

## Beraði kynfærin í undirgöngum

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla leitar manns á aldrinum 20-25 ára sem gert er að sök að hafa berað kynfæri sín fyrir framan tvær ungar stúlkur í undirgöngum við Gullinbrú í Reykjavík. Atvikið átti sér stað stuttu eftir klukkan ellefu á sunnudagskvöld.

Maðurinn, sem klæddur var svörtum íþróttabuxum, blárri flíspeysu og með svarta húfu á höfði, gekk á eftir stúlkunum, fram fyrir þær og beraði á sér kynfærin. Stúlkurnar eru báðar fæddar 1991.

Lögregla hefur ekki fundið manninn og eru allar ábendingar vel þagnar. -sgj

Varð fyrir eldingu í annað sinn:

## Eldingu laust niður tvisvar

**BANDARÍKIN, AP** Hinn 68 ára Don Frick varð fyrir eldingu á föstudag í annað sinn á ævinni. Hitt atvikið átti sér stað sléttum 27 árum áður.

„Ég er heppinn að vera á lífi,“ sagði Frick eftir atburðinn. Hann var staddur á útihátíð þegar veðrið breyttist skyndilega. Frick og fjórir aðrir, sem leituðu skjóls í kofa, urðu fyrir losti vegna eldingarinnar. Enginn slasaðist alvarlega, en gat kom á gallabuxur hans.

Í fyrra skiptið hafði hann verið að keyra vörubíl þegar eldingu sló niður í loftnet hans. Meiddist Frick þá illa í vinstri síðu. -sgj

### LÖGREGLA

#### Leituðu ferðamanns á báti

Lögregla leitaði ferðamanns á Suðureyri í gær, sem hafði leigt sjóstangveiðibát og lagt af stað aðfaranótt mánu dags án þess að gera viðvart. Maðurinn fannst rétt fyrir utan Súgandafjörð og hafði ekkert komið fyrir.

Rússneskur andófsmaður settur á geðspítala vegna skoðana sinna:

# Send í meðferð til Múrmansk

**MOSKVA** Rússneskur andófsmaður hefur verið neyddur til að dvelja á geðspítala nálægt Múrmansk í Rússlandi, segir skákmeistarinn og stjórnmálamaðurinn Garrí Kasparov. Hann segir að rússnesk yfirvöld séu að hefna fyrir grein sem hin 48 ára Larissa Arap skrifaði þar sem stjórn í málefnum geðfatlaðra barna var gagnrýnd. Arap, sem er í stjórnmálasamtökunum Hitt Rússland sem Kasparov leiðir, hefur verið þvinguð í meðferð á spítalanum.

Andófsmenn segja að þetta sé ekki í fyrsta sinn sem pólitískir andstæðingar yfirvalda séu settir á hæli síðan Vladímír Pútín komst

til valda. Þetta var algeng leið ráðamanna á Sovéttímanum til að losna við andófsmenn.

„Þetta getur gerst þegar þú gagnrýnir olíumálayfirvöld, herinn eða læknamáfuna til dæmis. Það er hættulegt að gagnrýna embættismenn því þeir gera allt til að þagga niður í manni,“ segir Kasparov.

Arap hafði farið til geðlæknis til að fá vottorð um geðheilsu vegna þess að hún var að endurnýja ökskirteinið sitt. Hún var spurð hvort hún hefði skrifað umrædda grein. Þegar hún játti því færði lögregla hana til dómara þar sem búið varu til skjöl um geðheilsu hennar. -pal



**GARRÍ KASPAROV** Segir hættulegt að gagnrýna rússnesk yfirvöld. Konan sem var lögð inn á geðspítala er í samtökum Kasparovs.

Slys á Vopnafirði:

## Fimm ára barn lenti undir bíl

**SLYS** Fimm ára gamall drengur varð fyrir bíl fyrir framan félagsheimilið á Vopnafirði síðdegis á laugardag. Hjúp drengurinn frá foreldrum sínum í veg fyrir bílinn og varð undir. Til happs var að hann lenti ekki undir dekkjum bifreiðarinnar.

Drengurinn var fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur, en líklegt er að hann snúi heim á allra næstu dögum. Meioðslin voru ekki lífshættuleg.

Þrennt var í bílnum. Beðið var með skýrslutöku af ökumanni þar til í gær vegna áfallsins sem hann varð fyrir. -sgj

# Betur settir á leikskóla

Betri byrjunarlaun eru í boði fyrir menntaða grunnskólakennara á leikskólum borgarinnar en í grunnskólum. Erfiðara virðist að fá kennara til starfa nú en á undanförunum árum. Reykjavíkurborg auglýsti yfir 50 stöður á sunnudaginn. Kennarar hreyfanlegri en áður.

**MENNTUN** Nýútskrifaður grunnskólakennari getur fengið hærri laun sem leiðbeinandi á leikskóla í Reykjavík en með því að ráða sig sem grunnskólakennara í sama sveitarfélagi. Skólastjórar sem rætt var við segja erfiðara að fá kennara til starfa nú en á undanförunum árum.

Byrjunarlaun 25-30 ára leiðbeinanda á leikskóla með uppeldismenntun á borð við grunnskólakennaramenntun eru rösklega 201 þúsund krónur á mánuði. Grunnlaun grunnskólakennara undir þrítugu eru tæplega 199 þúsund krónur á mánuði. Grunnskólakennarar sem gerast umsjónarkennarar með tuttugu nemenda þekk geta þó fengið tæplega 211 þúsund krónur í mánaðarlaun.

Menntasvið Reykjavíkurborgar auglýsti yfir 50 laus störf fyrir grunnskólakennara og yfir 20 önnur störf í 28 skólum borgarinnar á sunnudag. Valgerður Janusdóttir, starfsmannastjóri menntasviðs, segir þörfina ekki að fullu komna í ljós þar sem sumir skólastjórar hafi ekki verið á landinu þegar ákveðið var að birta auglýsinguna. Þá megi ekki draga of miklar ályktanir af auglýsingunni þar sem auglýsla þurfi störf þrátt fyrir að áhugasamir umsækjendur hafi þegar sótt um.

Valgerður vill ekki leggja mat á hvort ástandið sé betra eða verra nú en á sama tíma undanfarin ár. Þó sé ljóst að kennarar séu hreyfanlegri en áður; sumir færi sig milli skóla en aðrir hætti kennslu.

„Ég hef það á tilfinningunni að það séu fleiri að fara út úr stéttinni núna heldur en áður,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.



**VERK FALL** Viðræðuhópar sveitarfélaga og grunnskólakennara ræða nú saman með það að markmiði að ekki komi til verkfalls þegar samningar grunnskólakennara verða lausir 31. maí 2008. Verkfall grunnskólakennara haustið 2004 stóð í átta vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

Samningar grunnskólakennara eru lausir 31. maí 2008, en Ólafur segir að viðræðuhópur sé starfandi til að undirbúa kjarasamningana, og sjálfar samningaviðræðurnar muni líklega hefjast snemma á næsta ári.

„Það er sameiginlegt markmið okkar grunnskólakennara og sveitarfélaganna að lenda ekki í sömu stöðu og við lentum í síðast,“ segir Ólafur, og vísar þar til átta vikna verkfalls grunnskólakennara haustið 2004. „En það er alveg sama hvaða vilja menn hafa í þessum efnum, ef ekki á að setja meiri peninga í þetta gerist ekki neitt.“

brjann@frettabladid.is

### TOGAÐIR ÚT ÚR KENNSLUSTOFUNNI

„Það eru greinilega önnur störf en kennsla sem eru að toga fólk út úr skólastofunni,“ segir Kristinn Breiðfjörð, skólastjóri Foldaskóla í Grafarvogi. Þrjá til fjóra kennara vantar til starfa í Foldaskóla í haust og segir Kristinn ástandið í ár erfiðara en undanfarin ár, það sé undantekning ef það vanti fólk á þessum árstíma. Betri laun ráða því gjarnan að grunnskólakennarar leita á önnur mið, og segir Kristinn það fylgja þenslu að kennarar hverfi frá störfum. Þegar ástandið verði erfiðara á vinnumarkaði sæki þeir frekar aftur í kennslu. Ástandið í Grunnskólanum á Ísafirði

er verra en undanfarin ár. Þar vantar kennara í tvær til þrjár stöður, segir Skarphéðinn Jónsson skólastjóri. Auglýst var eftir kennurum í júlí án árangurs, en Skarphéðinn bindur vonir við að auglýsing í ágúst skili betri árangri.

Ástandið er gott í Glerárskóla á Akureyri, og hefur ekki borið á því að kennarar komi sér úr kennslustofunni og í önnur störf, segir Úlfar Björnsson skólastjóri. Hann segir að í vor hafi verið ljóst að ekki myndi þurfa að ráða kennara nú í haust, þó einn hafi raunar ákveðið að taka sér frí frá störfum um mitt sumar.

**Unglingabók ársins 2006**

**Aðeins 1.290 kr.**

**Komin í kilju!**

**Edda**  
edda.is

**VEÐURSPÁ**

**um hádegi »**

**um hádegi »**

Kaupmannahöfn	19°C rigning	London	22°C léttskýjað	Friedrichshafen	20°C léttskýjað		
Billund	17°C rigning	Paris	23°C hálfskýjað	Basel	22°C hálfskýjað		
Norðaustan 5-8 m/s, stífstáur síðdegis.	Osíó	21°C hálfskýjað	Eindhoven	19°C skúr	Alicante	30°C heiðskirt	
Gautaborg	21°C skúr	Stokkhólmur	21°C skúr	Frankfurt	20°C hálfskýjað	Algarve	29°C hálfskýjað
				Berlín	18°C skúr	Las Palmas	32°C hálfskýjað

\*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

**á morgun**

10-15 m/s austast annars 5-10 m/s

**fimmtudagur**

Norðaustan 8-13 m/s austan til annars mun hægar

**VERSLUNAR-MANNAHELGIN**

Nú hafa orðið umskipti í veðrinu. Hver lægðin rekur nú aðra og um sjálfa verslunarmannahelgina gengur ein yfir landið. Þegar líður á föstudagssíðdegis má búast við rigningu um allt land ásamt nokkuð stífum vindi. Á laugardag stýttir smám saman upp á landinu norðan og austanverðu en þá má búast við skúraveðri annars staðar. Á sunnudag verður úrkoma víða og þá einnig n orðanlands.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Norðaustan 5-8 m/s, stífstáur síðdegis.

**Gautaborg**

21°C skúr

# Mér finnst

rigningin góð



Regnhattur 1.499



Gúmmiklossar 2.999



Taska 2.999



Stígvél 3.999



**HARDY'S**  
IMPORT & DESIGN

Smart og vandaður regnfatnaður



**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál

**KJÖRKASSINN**



Telurðu að reykingabannið á skemmtistöðum hafi gefist vel?

Já	72%
Nei	28%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**  
Hefur þú hugsað þér að hringja í tré?

Segðu skoðun þína á [visir.is](http://visir.is)

Náttúruverndarsamtök Suðurlands mótmæla aðalskipulagstillögu Mýrdalshrepps:

## Breytingar verða óafturkræfar

**UMHVERFISMÁL** „Við teljum að þetta geti valdið verulegum óafturkræfum breytingum á þessum svæðum,“ segir Ólafía Jakobsdóttir, formaður Náttúruverndarsamtaka Suðurlands, um samþykkt sveitarstjórnar Mýrdalshrepps um breytta legu þjóðvegur eitt um Mýrdal.

Í lok júní samþykkti sveitarstjórnin, með þremur atkvæðum gegn tveimur, tillögu að nýjum veglínunum Hringvegur um Mýrdal.

Upphaflega voru sex tillögur að veglínunum. Tvær þóttu betri en aðrar og var kosið á milli þeirra. Þrjú atkvæði hlaut veglína sem

liggur meðal annars í göngum gegnum Geitafjall, um ræktað land sunnan Ketilsstaða og eftir votlendi á bökkum Dyrhólaóss að norðan.

Ólafía segir að samtökin telji að nýja veglínunni komi til með að liggja um svæði sem hafi ómetanlegt náttúruverndargildi og ekki síður efnahagslegt gildi fyrir atvinnulíf og ferðaþjónustu á svæðinu.

Því krefjast samtökin þess að gerðar verði athuganir annars vegar á úrbótum núverandi vegar og hins vegar á umhverfisáhrifum, kostnaði, efnahags- og félagslegum áhrifum á landbúnað og



**DYRHÓLAEY** Ný veglína liggur um ós Dyrhólaeyjar en leirur hans og votlendi hafa mikla þýðingu fyrir fjölbreytt fuglalíf segja Náttúruverndarsamtök Suðurlands.

ferðaþjónustu og áhrif breytinga og segir í tilkynningu frá samtökunum. - **aví**

Úsbeksk yfirvöld:

## Loka íslömsku vikublaði

**ÚSBEKISTAN, AP** Yfirvöld í Úsbekistan lokuðu í gær íslamska vikublaðinu *Odam Orasida* (Meðal fólksins), eftir því sem ritstjóri blaðsins segir.

Ástæða lokunarinnar var sögð vera brot blaðsins gegn fjölmiðlögum landsins. Talsmaður yfirvalda vildi þó ekki skýra nánar hvað fólst í brotunum.

Er þetta eitt af mörgum skrefum yfirvalda undanfarin tvö ár í að hefta fjölmiðlafrelsi í landinu. Fyrir tveimur árum var meðal annars skrifstofum BBC og bandaríska útvarpsins Radio Freedom lokað. Þá hafa nokkrir erlendir blaðamenn verið handteknir á síðustu tveimur árum.

26 milljónir búa í Úsbekistan og er meirihluti þeirra múslimar. - **ss**

Talibanar í Afganistan:

## Segjast hafa vegið annan gísl frá Kóreu

**AFGANISTAN, AP** „Í guðanna bænnum sendið börn mín til baka svo ég geti haldið utan um þau,“ bað móðir tveggja Suður-Kóreumanna sem talibanar halda í gíslingu í Afganistan.

Móðirin beindi orðum sínum til talibana á athöfn ættmenna gíslanna í S-Kóreu í gær.

Alls 23 S-Kóreumönnum var rænt á þjóðvegi í Afganistan í júlí. Talibanar vilja skipta á þeim og jafnmörgum eigin liðsmönnum, sem haldið er í fangelsi.

Talibanar sögðu í gær að stjórn Afganistans hefði ekki komið til móts við þá og því hefði nú annar gísl verið tekinn af lífi, en sá fyrsti var veginn á miðvikudag.

- **kóp**

# Rússar viðurkenna Abbas sem leiðtoga

Utanríkisráðherra Rússlands lýsti forseta Palestínu sem „lögmætum leiðtoga“ Palestínunanna í gær. Abbas heimsækir Rússland þessa dagana í von um álíka stuðning frá Pútín. Ísraelsmenn leyfa flóttamönnum frá Írak að snúa heim.

**MOSKVA, AP** „Við styðjum þig eindregið sem lögmætum leiðtoga Palestínunanna“, tilkynnti Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, á blaðamannafundi í Moskvu í gær.

Þetta er helsta stuðningsyfirlýsing rússneskra yfirvalda við Abbas frá því hann batt enda á þjóðstjórn Hamas-samtakanna og Fatah-hreyfingarinnar í síðasta mánuði, í kjölfar valdatöku Hamas-hreyfingarinnar á Gaza-svæðinu í júní.

Nú ríkja í raun tvenn stjórnvöld yfir Palestínunönnun; Hamas á Gaza-svæðinu og Fatah á Vesturbakkanum.

Heimsókn forsetans til Rússlands er liður í ákalli Fatah-hreyfingarinnar eftir stuðningi alþjóðasamfélagsins, og áframhald á valdabaráttu hennar við Hamas-hreyfinguna.

„Ég er viss um að fundur þinn með Pútín forseta á morgun mun hjálpa til við að leggja línurnar um samstarf [...] sem og við þróun í friðarátt í Mið-Austurlöndum,“ sagði ráðherrann jafnframt.

Rússland bætist þar með í hóp fjölmargra þjóða sem hafa veitt



**ABBAS Í MOSKVA Í GÆR** Forseti Palestínu, Mahmoud Abbas, ásamt utanríkisráðherra Rússlands, Sergei Lavrov. Abbas hittir Pútín forseta að máli í dag. **NORDICPHOTOS/AFP**

Fatah-hreyfingunni stuðning sinn en sniðgengið Hamas-hreyfinguna.

Hamas var sigurvegari lýðræðislegra kosninga í Palestínu í fyrra, en Ísraelsmenn neita að eiga við samtökin og vísa til hryðjuverka-

ferils þeirra.

Ísraelsmenn og Vesturveldin brugðust ókvæða við í fyrra þegar Rússar buðu leiðtogum Hamas til viðræðna í Moskvu. Voru viðræðurnar álitnar tilraun Rússa til að viðhalda mikilvægi sínu í Mið-Austurlöndum.

Talsmaður Hamas-samtakanna gerði lítið úr mikilvægi yfirlýsingar rússneska ráðherrans í gær og sagði samtökin einnig telja Abbas lögmætum leiðtoga Palestínu. „Við vefengjum ekki lögmæti forsetans og köllum hann enn þá forseta,“ sagði Sami Abu Zuhri í gær. Hann fagnaði öllum íhlutum Rússa sem gætu orðið í átt til sáttu en gagnrýndi aftur Abbas forseta fyrir að taka ekki skilyrðislaust þátt í samningaviðræðum.

**klemens@frettabladid.is**

## 41 FLÓTTAMAÐUR FÆR AÐ SNÚA HEIM

Ríkisstjórn Ísraels mun fallast á beiðni Sammeinuðu þjóðanna um að hleypa nokkrum tugum Palestínunanna, sem búið hafa í Írak en eru á flótta vegna stríðsins þar, aftur á landsvæði Palestínunanna á Vesturbakkanum. Um tvær milljónir hafa flúið Írak frá innrás Bandaríkjanna og samstarfsaðila árið 2003. Af þeim eru 18.000 ríkisfangslausir Palestínunenn.

Ekki hefur verið ákveðið hversu margir flóttamenn fá að snúa aftur til síns heima, en dagblaðið *Haaretz* telur að þeir verði 41 talsins. Talsmaður utanríkisráðuneytis Ísraels vildi ekki staðfesta þá tölur. Heimkoman er sögð til marks um góðan hug sem ísraelsk yfirvöld beri til Fatah-hreyfingar Abbas forseta, eftir að hann rak Hamas-samtökin úr þjóðstjórninni í júlí.

Hamas-samtökin ekki að baki dottin í baráttu um stuðning umheimsins:

## Blaðamönnum boðið til Gaza

**GAZASTRÖNDIN, AP** Hamas-samtökin buðu í gær hópi erlendra blaðamanna í kynnisferð um Gaza-ströndina. Tilgangur ferðarinnar var að sýna fram á að svæðið væri „öruggt, hreint og grænt“ eftir valdatöku Hamas-samtakanna.

Tvær loftkældar rútur blaðamanna fóru víðs vegar um svæðið. Fyrsta stopp var hús leiðtoga Hamas, Ismaels Hanyeh, sem Hamas álíta enn forsætisráðherra. „Þetta er ekki ríkmannlegt heimili,“ sagði Asmar fararstjóri þegar rúturnar nálguðust húsið. Hanyeh býr meðal almennings í Shati-flóttamanna-búðunum. Hann heilsaði gestunum frá svölunum.

Næst var haldið til híbýla Yassers heitins Arafat, stofnanda Fatah-hreyfingarinnar. „Það er á okkar ábyrgð að tryggja öryggi þessa húss,“ sagði einn Hamas-liði og bætti við að samtökin bæru virðingu fyrir Arafat og Fatah.

Næst var bústaður Abbas forseta heimsóttur. Hamas telja það skyldu sína að gæta hans „þar til sátt verður náð“, sagði talsmaður.



**Í KAPÓLSKRI KIRKJU Í GAZABORG** Hamas-samtökin buðu erlendum blaðamönnum í ferð um Gaza-svæðið í gær. Tilgangur ferðarinnar var að sýna fram á að Gaza-borg væri „örugg, hrein og græn“ eftir valdatöku Hamas. **NORDICPHOTOS/AFP**

Einnig heimsóttu blaðamenn þinghúsið, Miðstöð þjóðaröryggis, kapólska kirkju og landamærastöð. Við ferðarlok hélt Hanyeh ræðu og ítrekaði að Hamas vildu ekki stofna íslamskt ríki á Gaza-ströndinni. - **kóp**

**ÚTSALA**

**35-60%**

**AFSLÁTTUR AF VEIÐIVÖRUM**

**GUIDEline Daiwa**

**EVEREST**

**VEIÐIÐEILD**

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · [www.everest.is](http://www.everest.is)

**PERSONULEG ÞJONUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF**



# Sumartilboð



Nú er rétti tíminn fyrir nýtt rúm  
Tempur heilsurúm, stillanleg rúm og heilsukoddar á sumartilboði



Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



Yfir 30.000 lækningar, sjúkrahjálparar og kiropraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnnar og koddar koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktur á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskóla-sjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.



Reykjavík  
Faxafeni 5  
Sími 588 8477

Ísafirði  
Skeiði 1  
Sími 456 4566

Akureyri  
Tryggvabraut 24  
Sími 462 1410

[betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is) • [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
Opð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

## VEISTU SVARID?



1. Í hvaða landi beið flokkur forsætisráðherra afhröð í þingkosningum á sunnudaginn?
2. Hvaða íslenski tónlistarmaður á fimm lög á djassplötu sem hefur náð þrefaldri platínusölu?
3. Hver urðu Íslandsmeistarar karla og kvenna í golfi í ár?



**STEINGRÍMUR SÆVARR ÓLAFSSON** Frá 1. ágúst verður Steingrímur fréttastjóri Stöðvar 2. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skipulagsbreytingar á Stöð 2:

## Steingrímur fréttastjóri

**FJÖLMIÐLAR** „Þetta verður bara gaman,“ segir Steingrímur Sævarr Ólafsson sem tekur við stöðu fréttastjóra Stöðvar 2 þann fyrsta ágúst.

Aðspurður segir hann að tíminn verði að leiða í ljós hvort áherslubreytingar verði og þá hvernig.

Sigmundur Ernir Rúnarsson, sem hefur gegnt stöðu fréttastjóra, verður eftir breytingarnar forstöðumaður fréttasviðs.

Breytingunum er ætlað að fylgja eftir þeirri sókn sem hefur verið í áhorfi á fréttir Stöðvar 2 og Ísland í bitíð samkvæmt síðustu áhorfsmælingu Capacent Gallup. - aví

## PÝSKALAND

### Frank Zappa-gata

Yfirvöld í Berlín hafa ákveðið að heiðra bandaríska tónlistarmanninn Frank Zappa heitinum með því að endurnefna götu eftir honum. Gatan er í austurhluta borgarinnar og hét áður „Gata 13“. Zappa lést árið 1993.

Vopnaleyfarhlíð fyrir ákveðna hópa fólks í Flugstöð Leifs Eiríkssonar:

## Verður endurskoðað í ágúst

**SAMGÖNGUR** „Upp úr miðjum ágúst setjumst við niður og förum yfir málin. Hvernig þetta hefur gengið og hvort það sé vilji til að halda þessu áfram,“ segir Björn Ingi Knútsson, flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli.

Í júní hófst tveggja mánaða tilraunaverkefni með sérstakri vopnaleyfarhlíð fyrir Saga class-farþega í Leifstöld til að þeir þyrftu ekki að bíða jafn lengi og almenningur. Skömmu síðar fengu viðskiptavinir Iceland Express, sem borga aukalega fyrir að velja sæti, einnig aðgang að hlöðinu.

„Það er undir flugfélögunum komið hvort þetta haldi áfram. Það

eru þau sem borga fyrir þetta,“ segir Björn. Hann segir að það hafi alltaf legið ljóst fyrir að flugfélögin sem nýta þjónustuna greiði fyrir hana. Umræðan hafi verið misvísandi í fjölmiðlum á sínum tíma.

Aðspurður segir hann að það hafi ekki komið til umræðu að bjóða öllum aðgang að hlöðinu gegn greiðslu eins og tíðkast sums staðar erlendis. „Við höfum ekki sama farþegafjölda og þessir flugvellir erlendis. Því er ólíklegt að sú leið verði farin.“ - aví

**FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR** Um miðjan ágúst lýkur tveggja mánaða tilraunaverkefni með vopnaleyfarhlíð fyrir ákveðna hópa fólks.



Tveir menn á Ísafirði:

## Vildu í teiti og beittu ofbeldi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn reyndu með ofbeldi að komast inn í teiti, sem haldið var á Ísafirði aðfaranótt laugardags. Húsráðandi meinaði þeim inngöngu, en þá sló annar mannanna hann, en hinn hrinti eiginkonu hans. Að því loknu viku þeir á braut.

Klukkustund seinna komu mennirnir aftur að húsinu, réðust að húsráðanda, börðu og spörkuðu í hann og hlupu á brott. Lögregla hafði síðar hendur í hári mannanna. Annar gisti fangageymslu, en hinn var látinn fara eftir tiltal. Mennirnir voru báðir kærðir og er málið í rannsókn. - sgi

# Geysir leggur í vesturvíking

Samið hefur verið um kaup Geysis Green Energy á um fimmtungshlut í kanadíska fyrirtækinu Western GeoPower Corporation. Hluturinn kostar um 600 milljónir króna. Forstjóri Geysis tekur sæti í stjórn WGP.

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingarfélagið Geysis Green Energy kaupir um fimmtungshlut í kanadíska jarðhitafyrirtækinu Western GeoPower Corporation (WGP) á í kringum 600 milljónir króna. Greint var frá samningi þar að lútandi í gær, en verið er að leggja lokahönd á kaupin.

Geysir kaupir liðlega 40 milljónir nýja hluti í félaginu. Þegar hefur verið gengið frá kaupum á 25 milljónum hluta og svo er tekinn yfir kaupréttur að rest. Verðið hleypur á bilinu 25 til 29 sent á hlut. Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysis Green Energy, tekur í kjölfarið sæti í stjórn WGP. „Við verðum þarna virkur hluthafi og förum inn til að hafa áhrif á bæði framgang og verkefni. Við lítum á

okkur sem áhrifafjárfesti.“

Ásgeir segir kaupin falla að áformum Geysis um virka þátttöku á stærsta orkumarkaði heims, sem sé í Bandaríkjunum. „Við hlökkum til að taka þátt í að efla og styrkja Western GeoPower til þátttöku og þróunar á frekari verkefnum vestanhafs,“ segir hann og bætir við að kaupin séu hluti af stærri viðfangsefnum og meiri. „Í vesturhluta Bandaríkjanna er töluvert mikið fram undan í jarðhitunum og við ætlum okkur eitthvert hlutverk þar.“ Að auki er Geysir stærsti hluthafinn í Enex sem einnig er með í gangi verkefni í Bandaríkjunum. „Við erum því með tvær tengingar inn á þennan markað núna.“

Hlutafjárúkning WGP er sögð liður í að fjármagna jarðvarma- virkjun sem fyrirtækið vinnur nú að á Geysissvæðinu í Kaliforníu, en það er jarðhitasvæði í Sonoma-sýslu í ríkinu norðanverðu. Kenneth MacLeod, forstjóri WGP, segir nú að mestu lokið fjármögnun á borun og byggingu virkjunarinnar. Hann segir sérstakan ávinning að fá Geysi Green Energy að félaginu, enda fylgi í kaupunum þekking og reynsla. „Samstarf mun styrkja okkur í þeim verkefnum sem við vinnum að,“ er eftir honum haft.



**ÁSGEIR MARGEIRSSON** Forstjóri Geysis Green Energy segir kaupin í kanadíska fyrirtækinu falla vel að áformum um þátttöku á orkumarkaði í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HVERASVÆÐI Í SONOMA-SÝSLU** Í Sonoma-sýslu í norðanverðri Kaliforníu í Bandaríkjunum er að finna á einum stað flestar jarðhitavirkjanir í heimi, en þær eru 21 talsins. Geysir Green Energy hefur fjárfest í kanadíska fyrirtæki sem ætlar að koma upp virkjun á svæðinu. MYND/INNANRÍKIRRÁÐUNEYTI BNA

Höfuðstöðvar Western GeoPower eru í Vancouver í Kanada, en fyrirtækið er skráð á TSX-markaðinn í Toronto. Í tilkynningu Geysis kemur fram að Western GeoPower einbeiti sér að vinnslu endurnýtanlegrar jarðvarmaorku „til að mæta ört vaxandi þörf fyrir raforku á vesturströnd Bandaríkj-

anna og Kanada,“ en vinni nú að tveimur meginverkefnum á því sviði.

Geysir Green Energy er fjárfestingarfélag um sjálfbæra orkuvinnslu sem stofnað var af FL Group, Glitni og VGK-Hönnun í byrjun þessa árs. olikt@frettabladid.is



... í útileguna



**SKÁTAHÁTÍÐ VIÐ ÚLFLJÓTSVATN** Í ár eru hundrað ár liðin frá því að Baden Powell stofnaði skátahreyfinguna í fyrstu skátaútilegunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hundrað ár liðin frá upphafi skátahreyfingarinnar:

## Skátaheitið endurnýjað

**FÉLAGSMÁL** „Eitt sinn skáti ávallt skáti. Það eru því allir gamlir skátar velkomnir,“ segir Margrét Tómasdóttir skátaforingi. Skátar um allan heim munu endurnýja skátaheitið klukkan átta á miðvikudagsmorgun á staðartíma. Þá eru hundrað ár liðin frá upphafi skátahreyfingar.

Af þessu tilefni verður opið hús hjá íslensku skátahreyfingunni í Skátamiðstöðinni í Hraunbæ 123. Skátaheitið verður endurnýjað undir stjórn Margrétar.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra mun taka við áskorun skáta til ríkisstjórnar Íslands um að stjórnvöld vinni með öllum ráðum að því að stuðla að friði og umburðarlyndi meðal manna og þjóða þannig að íbúar jarðarinnar geti lifað saman í sátt og samlyndi óháð litahætti, trúarbrögðum eða menningu. - aví

### SKÁTAHEITIÐ

Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess að gera skyldu mína við Guð og ættjörðina, að hjálpa öðrum og að halda skátalögin.

Í skátamiðstöðinni verður bein útsending frá sólstöðuhátíð á Brownsea-eyju við England þar sem Baden Powell stofnaði skátahreyfinguna fyrir um hundrað árum síðan. Í hópnum á eyjunni verða tveir íslenskir skátar.

Þessa dagana fer fram alheimsmót skáta í Hylands Park á Englandi. Þar eru samankomnir á fimmta tug þúsund skáta frá 159 þjóðlöndum. - aví

Byrgismál á leið til saksóknara:

## Síðustu skýrslur teknar í gær

**LÖGREGLUMÁL** Sýslumannsembættið á Selfossi hyggst senda kynferðisbrotahluta Byrgismálsins svokallaða til Ríkissaksóknara til ákærumeðferðar í vikunni. Síðustu skýrslur voru teknar í gær að sögn Ólafs Helga Kjartanssonar sýslumanns.



**ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON** tekur í gær að sögn Ólafs Helga Kjartanssonar sýslumanns.

Ríkissaksóknari vísaði málinu á hendur Guðmundi Jónssyni, fyrrum forstöðumanni Byrgisins, aftur til sýslumanns til frekari rannsóknar í maí. Átta konur, allar fyrrverandi vistmenn Byrgisins, kærðu Guðmund fyrir að hafa notfært sér bágingi þeirra og misnotað þær kynferðislega. - sh

### KANARÍEYJAR

#### Tvö þúsund flýja heimili sín

Tvö þúsund manns þurftu að flýja heimili sín í ferðamannabæjunum Mogan og Tejada á Kanaríeyjum í gær vegna skógarelda. Tuttugu hús hafa þegar skemmst vegna skógareldanna sem kviknuðu á föstudag.



allt að  
**SJUNVÖRÞ**

37%

HÁFAR OG GUFUGLEFAR

allt að afsláttur  
**ÞVOTTAVÉLAR**

29%

allt að  
50%

afsláttur

afsláttur  
**HLJÓTÆKI**

15%

15%

afsláttur

allt að  
70%

afsláttur

**SMÁTÆKI**

allt að  
**OFNAR HELLUBORÐ**

46%

afsláttur

**ÚTSALAN  
ER HAFIN!  
ÚTSALAN  
ER HAFIN!**


**RAFTÆKJADERZLUN ÍSLANDS HF**

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16





**BROWN OG BUSH** Gordon Brown, forsætisráðherra Englands, í sinni fyrstu heimsókn sem leiðtogi til George Bush Bandaríkjaforseta. Brown sagði á blaðamannafundi að knúði yrði á um að stöðva átökin í Darfur-héraði í Súdan.

NORDICPHOTOS/AFP

Viljayfirlýsing Íslands og Indlands um samstarf á sviði sjávarútvegsmála:

## Aukið samstarf vísindamanna

**SJÁVARÚTVEGUR** Sendiherra Íslands á Indlandi, Dr. Gunnar Pálsson, og ráðuneytisstjóri sjávarútvegsmála í landbúnaðarráðuneyti Indlands, frú Charusheela Soni, undirrituðu í dag viljayfirlýsingu um samstarf Íslands og Indlands á sviði sjávarútvegsmála.

Í yfirlýsingunni er lýst vilja til að auka sjávarútvegssamstarf ríkjanna meðal annars á sviði rannsóknna, fiskveiðistjórnunar, fiskeldis, fiskvinnslu og markaðssetningar sjávarafurða. Gert er ráð fyrir að komið verði á beinu samstarfi viðeigandi sjávarútvegsstofnana á Íslandi og Indlandi og auknu samstarfi vísindamanna og sérfræðinga á sviði sjávarútvegs. Þá kveður viljayfirlýsingin á um að stjórnvöld á Íslandi og Indlandi setji á laggirnar sameiginlegan vinnuhóp til að fjalla um samstarfið, meta árangur þess og setja því nánari markmið.

Indland er þriðja stærsta sjávarútvegsríki heims með tilliti til heildarafla, en á árinu 2004 nam hann 6,0



**Á INDLANDI** Indland er þriðja stærsta sjávarútvegsríki heims og ellefu milljónir manna starfa að sjávarútvegi þar í landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

milljónum tonna eða um 5 prósentum af heildarafla á heimsvísu. Um ellefu milljónir manna starfa að sjávarútvegi á Indlandi og hlutdeild Indlands í heimsviðskiptum með sjávarafurðir nemur um 2,4 prósentum. Rækjur eru helsta útflutningsafurð Indlands í sjávarútvegi.

- pal

Velsk kona:

## Hrapaði niður fjalli eftir bónorð

**WALES** Velsk kona hrapaði af fjalli í Wales eftir að kærastinn hennar bað hennar. Þurfti að sauma tíu spor í höfuð hennar eftir fallið.

Konan hrapaði tæpa tvo metra eftir bónorðið og þurfti að kalla út björgunarsveit til að koma henni niður á sjúkrahús. „Ég hafði ekki hugmynd um að hann mundi biðja mín, en þetta var indæl leið til að gera það,“ sagði konan. Hún sagði já þegar hún fékk meðvitund á ný.

„Fólk segir oft við mig; „þú hefðir getað sagt nei við hann, þú þurftir ekki að stökkva niður af fjalli“,“ bætti konan við.

- sgi

## Sýning í Kaupmannahöfn: Gefur alhliða mynd af Jónasi

**KAUPMANNAHÖFN** Sýning um Jónas Hallgrímsson verður opnuð á Norðurbryggju í



**JÓNAS HALLGRÍMSSON**

Kaupmannahöfn fimmtudaginn 2. ágúst. Sýningin er gerð í tilefni af 200 ára fæðingarársmæli Jónasar Hallgrímssonar, skálds og náttúrufræðings, sem fæddist á Hrauni í

Öxnadal 16. nóvember árið 1807.

„Þetta er sýning um líf Jónasar,“ segir Helga Hjörvar, forstjóri Norðurbryggju. „Hún gefur alhliða mynd af honum, skáldinu, náttúruvísindamanninum, uppveitinum og lífi hans í Kaupmannahöfn. Okkur langar að kynna Dönum Jónas en þeir vita lítið um hann.“

Sýningin var fyrst sett upp í Amtsbókasafninu á Akureyri 21. mars síðastliðinn. Sýningin verður síðan sett upp í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík 20. nóvember næstkomandi. Sýningin á Norðurbryggju verður opin fram í október.

- pal



**TÍRI PEFAR SIG ÁFRAM** Fíkniefnahundurinn Tíri leitar í tjaldinu þar sem fíkniefnum hafði verið komið fyrir. Hundurinn var snöggur að finna fíkniefnin.



**GOTT SAMSTARF** Bæði leitarhundar og menn voru vel merktir.



**EKKI LENGI AÐ** Tíri var ekki lengi að finna eiturlyfin sem höfðu verið falin á fréttamanni Stöðvar 2.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

EXPED



Vatnsheldir ferðapokar



Ferðapokar fyrir viðkvæmstu hlutina

Frábærar vörur fyrir íslenskar útilegur – líka blautar, kaldar og vindasamar.

Dúndýna



Komdu og líttu á úrvalið í verslunum okkar í Faxafeni 12, Bankastræti 5 og Glerárgötu 32, Akureyri.

**66°**  
**NORÐUR**

REYKJAVÍK:  
Kringlan  
Bankastræti 5  
Faxafeni 12

KÓPAVOGUR:  
Smáralind

GARÐABÆR:  
Miðhraun 11

AKUREYRI:  
Glerárgata 32

www.66north.is

## Aldrei meira eftirlit en nú

Lögregla og Tollgæslan sjá um fíkniefnaeftirlit um verslunarmannahelgi. Með í för verða ellefu sérþjálfaðir fíkniefnahundar. Átak hjá lögreglu til að draga úr framboði á fíkniefnum um helgina.

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnaeftirlit hefur aldrei verið umfangsmeira en nú og verður sérstaklega öflugt fyrir og um verslunarmannahelgina. Páll Winkel aðstoðarríkislögreglustjóri og Guðni Markús Sigmundsson, yfirtollvörður í Tollgæslunni í Reykjavík kynntu þessi mál á tjaldstæðinu í Laugardal í gær. Þar hafði lögreglan komið fyrir fíkniefnum í tjaldi og á mönnum og var fylgst með fíkniefnahundum við leit.

„Lögregla og Tollgæslan munu vinna saman og nota til þess sérþjálfaða fíkniefnahunda. Haldið verður uppi öflugu eftirliti á úti-háttinum og á öðrum stöðum þar sem fólk safnast saman,“ segir Páll. Dagana fyrir verslunarmannahelgi verður sérstaklega fylgst með pósti-, böggla- og farangursendingum til þeirra staða sem fólk heimsækir um helgina.

Undanfarna viku hefur einnig verið í gangi sérstakt átak. „Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar á höfuðborgarsvæðinu

standa fyrir átakanu sem hófst 23. júlí. Markmiðið með því er að draga úr framboði á fíkniefnum um verslunarmannahelgina,“ segir Páll. Áhersla er lögð á eftirlit með fíkniefnasölu og hafa þegar komið upp um 40 mál í þeim 250 leitum sem hafa verið gerðar. Öll sneru þau að sölu á fíkniefnum.

Notkun fíkniefnahunda hefur aukist til muna á síðustu árum. Hundarnir gera lögreglu kleift að sinna umfangsmeira fíkniefnaeftirliti en áður. Frá árinu 2000 hefur sérþjálfuðum fíkniefnahundum fjölgað úr fjórum í ellefu, en von er á þeim tólfta síðar á árinu. Lögreglan hefur skipt landinu í fjögur aðgerðasvæði og er að minnsta kosti einn fíkniefnahundur á hverju svæði.

Sex til níu mánuði tekur að þjálfá fíkniefnahunda. Þeir eru þjálfaðir hér á landi og gerðar eru mun strangari kröfur til þeirra en víða í nágrannalöndum okkar.

thorunn@frettabladid.is

# ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ!

**SÉR-  
TILBOÐ!**



10 mm  
**HERT  
ÖRYGGISGLER**

**STURTUSKJÓL**  
10 mm  
hert öryggisglær

í mörgum stærðum  
30 x 220 100 x 220  
70 x 220 110 x 220  
80 x 220 120 x 200  
90 x 220



E000479  
Öryggisglær skv. staðli  
það eina löglega fyrir baðherbergi



Verð kr  
**44.900**

hvít háglans  
**BAÐINNRETTING 75 sm**

Innifalið í verði: Handlaug, undirskápar, spegill,  
ljóskappi með ljósi, efriskápar og sökkulfætur.



Verð kr  
**28.900**

**WLU 125 45 x 30 sm**


Fáanleg í eik og hvítu háglans



A-105 40 x 40 sm



A-155 40 x 40 sm



A-163 40 x 40 sm



GAVIN 42 x 42 sm



B-C06 46 x 46 sm



KENT 30 x 30 sm 40 x 40 sm

**Margar  
stærðir**



CAESAR 41 x 41 sm



CINDYS 55 x 36 sm

## HANDLAUGAR OG BLÖNDUNARTÆKI

## HANDKLÆÐAOFNAR krómaðir eða hvítir



SCC-002 32 x 32 sm  
SCC-003 26,5 x 26,5 sm



SCC-001 32 x 28,5 sm



TINA 40 sm

Mikið úrval blöndunartækja og innréttinga

[www.i-t.is](http://www.i-t.is)



- fyrir þitt heimili

Opíð virka daga frá kl. 09-18

Lokað laugardaga

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**FRÍÐARHÁTÍÐ Á FÍLÁBEINSSTRÖNDINN**  
Vörður stendur vaktina á fjölmennri hátíð sem haldin var til að fagna afvopnun og sáttum stríðandi fylkinga á Fílabeinsströndinni. Leiðtogar margra Afríkúríkja voru samankomnir til að fagna vopnahléinu en átök hafa verið í landinu frá árinu 2002.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BANDARÍKIN****Vildi aka á kjarnorkuvopnageymslu**

Ökumaður reyndi að aka í gegnum öryggislið kjarnorkuvopnageymslu í Tennessee-riki í Bandaríkjunum í gær. Bifreiðin stöðvaðist á öryggisliðinu og flúði ökumaðurinn hlaupandi. Ekki er vitað hvað manningnum gekk til.

**Leifar þriggja föstra**

Lögreglan í Maryland-riki í Bandaríkjunum fann leifar þriggja þroskaðra föstra sem höfðu verið vafin í plast og falin heima hjá konu sem var í síðustu viku kærð fyrir að drepa nýfætt barn sitt. Tvö fundnar á kistli í svefnherbergi konunnar en eitt í ruslapoka.


# Tekjur af fjármagnstekjuskatti aukast um þriðjung

Fjármagnstekjuskattur verður sífellt stærri hluti af tekjuskatti til ríkisins. Er 16,6 prósent nú en 14,4 prósent í fyrra. Samanlagðar tekjuskattsgreiðslur og útsvar við álagningu 2007 voru 185,5 milljarðar króna.

**SKATTAR** Tekjur ríkisins af fjármagnstekjum einstaklinga voru 16,3 milljarðar króna á síðasta ári, sem er þriðjungs aukning frá árinu á undan. Um 93 þúsund skattgreiðendur standa á bak við greiðslurnar, og greiddu því um að meðaltali 175 þúsund krónur.

Í yfirliti vegna skattaálagningar árið 2007, sem fjármálaráðuneytið sendi frá sér í gær, kemur fram að söluhagnaður af hlutabréfum skýri rösklega helming af skattstofni fjármagnstekjuskatts, en arður og vaxtatekjur um fjórðung hvor.

## TEKJUSKATTUR TIL RÍKISSJÓÐS 2002 TIL 2007\*



Fjármagnstekjuskattur verður sífellt stærri hluti af álögðum tekjuskatti sem rennur til ríkisins, og er nú 16,6 prósent af heildargreiðslum tekjuskatts. Árið 2006 var hlutfallið 14,4 prósent og til samanburðar var tekjuskattur aðeins 7,2 prósent af tekjuskatti ríkisins árið 2002.

Samantals tekjuskattur og útsvar við álagningu 2007 var 185,5 milljarðar króna, og hækkði um 13,4 prósent frá fyrra ári. Fjöldi framteljenda var 253.911 og fjölgaði um 5,2 prósent milli ára. Fjölgunin hefur aldrei verið jafn mikil, en skýringin er mikill aðflutningur fólks til landsins undanfarin ár.

Tekjuskattur skiptist í þrennt; í almennan tekjuskatt og fjármagnstekjuskatt sem renna til ríkisins, og í útsvar sem rennur til sveitarfélaga.

Álagður almennur tekjuskattur var samtals 81,9 milljarðar króna, og jókst um 10 prósent milli ára. Á bak við þá upphæð standa rúmlega 175 þúsund einstaklingar og greiddi meðalskattgreiðandinn því um 467 þúsund krónur á árinu, sem er 5,1 prósent aukning.



**ÁLAGNINGARSEDLAR** Landsmenn fá um 9,2 milljarða króna til útborgunar vegna ofgreiddra skatta, vaxtabóta og barnabóta á morgun, 1. ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTINN

Tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti var 16,3 milljarðar króna á síðasta ári, eða um 175 þúsund krónur á hvern hinna 93 þúsunda skattgreiðenda sem greiddu fjármagnstekjuskatt. Útsvar til sveitarfélaga var

87,3 milljarðar króna, sem er aukning um 12,4 prósent milli ára. Gjaldendur útsvars eru tæplega 245 þúsundir talsins, og greiddi því hver og einn um 356 þúsund á árinu.

brjann@frettabladid.is

Skoðanakönnun umhverfissvið Reykjavíkur:

## Elliðaárdalurinn vinsælasta útivistarsvæðið

Umhverfissvið Reykjavíkur nýlega kannaði umhverfið í Elliðaárdalunum. Þetta er vinsælasta útivistarsvæðið í borginni og hefur verið vinsælt síðan Elliðaárdalurinn var tæpla tæpla þriggja þúsundir mönnum á milli ára. Þetta er vinsælasta svæðið í borginni og hefur verið vinsælt síðan Elliðaárdalurinn var tæpla tæpla þriggja þúsundir mönnum á milli ára.

Einnig kom fram að borgarþingurinn í Elliðaárdalunum er vinsælasta svæðið í borginni og hefur verið vinsælt síðan Elliðaárdalurinn var tæpla tæpla þriggja þúsundir mönnum á milli ára.

Ætla má að fari mánaðarlega af Stór-Reykjavík. Hún er gríðarleg útivistarsvæði sem sækja óháð búast aldri. Íbúar í Árbæ nota hins svæðið við Rauðavatni miðborginni, Hlaða Háaleiti minnst.

Einnig kom fram að borgarþingurinn í Elliðaárdalunum, 33% aldrei í Heiðmörk og 72% aldrei að Rauðavatni. Auk þess kom í ljós að íbúar í Árbæ og Grafarholti sækja þessi útivistarsvæði meira en í öðrum hverfum.

# Viðskiptavinir Glitnis

## HLAUGHTU TIL GÓÐS 18. ÁGÚST!

Nú getur þú hlaupið fyrir gott málefni að eigin vali í Reykjavíkumaraþoni Glitnis. Glitnir greiðir 500 kr. til góðgerðarmála á hvern kílómetra sem viðskiptavinir bankans hlaupa og 3.000 kr. fyrir starfsmenn.

Skráðu þig á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is) og hlauptu til góðs. Allir sigra 18. ágúst!

\*Viðskiptavinir í Vild, Námsvild, Gullvild og Platinum.

REYKJAVÍKUR  
MARARON  
GLITNIS  
18. ÁGÚST 2007



Nú getur þú hlaupið fyrir gott málefni að eigin vali í Reykjavíkumaraþoni Glitnis. Glitnir greiðir 500 kr. fyrir hvern kílómetra sem viðskiptavinir bankans hlaupa. Eins og í fyrra greiðir Glitnir 3.000 kr. fyrir hvern kílómetra sem starfsmenn hlaupa. Skráning í hlaupið fer fram á [www.glitnir.is/marathon](http://www.glitnir.is/marathon) en þar er einnig hægt að skrá sig í hlaupahóp, fá leiðsögn þjálfara

Um til að byrja að æfa. Reykjavíkumaraþonið kiptist í fimm mislög hlaup sem henta mismunandi hópum; ölskyldum, trimmurum og keppnisfólki. Latabæjarmaraþon vakti gríðarleg lukku á síðasta ári og veður endurtekið í ár. Latabæjarmaraþonið er 1,5 km á lengd og ælað börnum yngri en 11 ára. Aðrir tættar endurtekið í ár. Foreldrar sem



Framtaldar skuldir og eignir íslenskra skattgreiðenda hafa tvöfaldast á síðastliðnum sex árum:

# Skuldir aukist umfram eignir milli ára


**SKATTAR** Bæði eignir og skuldir Íslendinga hafa vaxið gríðarlega á undanförunum árum. Fyrir sex árum skulduðu Íslenskir skattgreiðendur tæpa 550 milljarða króna, en miðað við niðurstöður skattaálagningar sem birt var í gær hafa skuldirnar röskelega tvöfaldast, en voru við lok síðasta árs 1.113 milljarðar.

Framtaldar eignir íslenskra heimila numu röskelega 2.800 milljörðum króna í lok síðasta árs, og höfðu aukist um 14,9 prósent milli ára. Eignir hafa tvöfaldast frá árinu 2002. Stærstur hluti eignanna, um þrjú fjórðu hlutar, voru fasteignir, sem voru alls 2.052 milljarða virði. Verðmæti fasteignanna jókst um 12,5 prósent á milli ára, en á sama tíma fjölgaði fasteignaeigendum aðeins um 1,2 prósent.

Skuldir heimilanna, sem voru 1.113 milljarðar um síðustu áramót, höfðu vaxið um rúmlega 21 prósent milli ára. Rúmur þriðjungur skuldanna er tilkominn vegna fasteignakaupa. Framtaldar skuldir vegna fasteignakaupa voru 705 milljarðar, og höfðu aukist um 17,8 prósent á milli ára.

Frá árinu 2002 hafa skuldir heimilanna aukist um 556 milljarða, en skuldir vegna fasteignakaupa hafa aukist um 338 milljarða á sama tíma.

Skuldir vegna fasteignakaupa hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Skuldir heimilanna í heild hafa þó aukist hraðar. Frá 2002 til 2007 jukust skuldirnar um 103 prósent á meðan skuldir vegna fasteignakaupa jukust um 92 prósent. - bj



## FÁ 9,2 MILLJARÐA

Ríkið mun greiða landsmönnum 9,2 milljarða króna eftir skuldajöfnun á móti ofgreiddum sköttum á morgun, 1. ágúst. Þá koma til útborgunar

ofgreidd staðgreiðsla upp á um 3 milljarða króna, vaxtabætur upp á 4,3 milljarða króna og fjórðungur barnabóta, um 1,6 milljarðar króna.


## BARNABÆTUR FJÓRÐUNGI HÆRRI Í ÁR

Greiddir hafa verið út 7,4 milljarðar króna samanborið við 6 milljarða króna í fyrra, sem er tæplega fjórðungs aukning milli ára. Þeim sem njóta greiðslna fjölga um tæp 15 prósent milli ára.

Ástæður þessa eru nokkrar. Barnabætur eru nú greiddar vegna

barna að 18 ára aldri, ekki 16 eins og áður. Þá hafa tekjuskeringarmörk hækkað um 20 prósent og skerðingarhlutföll lækkað. Að lokum hafa barnabætur vegna barna yngri en sjö ára hækkað um 20 prósent. Allt þetta hækkar meðalbætur á fjölskyldu um 8 prósent.

## FASTEIGNIR OG SKULDIR VEGNA PEIRRA\*



## MEÐALVAXTABÆTUR UM 106 ÞÚSUND

Vaxtabætur vegna vaxtagjalda af íbúðarlánum einstaklinga koma til útborgunar á morgun. Vaxtabæturnar vegna vaxtagreiðslna í fyrra nema samtals 5,3 milljörðum króna, en um 4,3 milljarðar verða greiddir út á morgun, enda hluti þeirra sem rétt eiga á vaxtabótum sem fengið hafa hluta þeirra fyrirfram. Meðalvaxtabætur eru nú 106

þúsund að meðaltali á þá sem þeirra njóta, sem eru um 50 þúsund aðilar. Vaxtabótum var endurúthlutað vegna síðasta ár eftir að í ljós kom að mikil hækking fasteignaverðleiddi til verulegrar fækkunar þeirra sem njóta vaxtabóta. Að teknu tilliti til þess hækkuðu útborgaðar vaxtabætur um tæp 5 prósent milli ára, en fjöldi vaxtabótaþega er svipaður.

Aukið að hlaupa í hóp

Vísindame... m... la um eitthvað

Hreyfing bætir h...

Nýle... á gólfið styttist um... á tímabilinu stóð... 15%... minilegt að jafnvel... reglule... marlóng iðkun á dag... um fjó... mann mun liðugri en... neitt... indamennirnir... könnuðu... árs... versu mikil áhrif klukku... arlóng hreyfing á dag hefði... llega og líkamlega heilsu... Þeir sem vilja lifa góðu lífi... á sama tíma reyna að... holla og fjölbreytta fæðu... gja slæmar neysluvenjur á... a... abrennsla þátttakenda í... uninni jókst tí... á tíma-...

**GLITNIR**

# VERÐ HARUN

Á SUMARVÖRUM

allt að

# 50

AFSLÁTTUR

ÞETTA ER ALVÖRU  
AFSLÁTTUR



**Partner**

Vnr. 53323003

**Sláttuvél**

PARTNER Briggs & Stratton Classic Q70 mótör. Vélin er 7 hestöfl. Með 75 ltr. safnkassa. Sláttubreiddin er 53 cm og sláttuhæðin er með 4 mismunandi stillingum, frá 3 cm til 7 cm.

**47.920**

59.000

**20% afsláttur**



**5.593**

7.930

**Garðstóll**

Garðstóll með stillanlegu baki, Iron Wood viður.

Vnr. 41616010

**30% afsláttur**

**16.730**

23.900

Vnr. 41616003

**Garðborð**

Sexhyrnt borð, Iron Wood viður, 1500x30 mm.

**30% afsláttur**

**245** kr./lm

350

Vnr. 0291483

**Stiklur**

Stiklur, tekk, 300x300 mm.

**30% afsláttur**

**5.259**

7.500

Vnr.0291500

**Ræktunarkassi**

Ræktunarkassi, 500x1000x1200 mm.

**30% afsláttur**

**8.918**

12.740

Vnr.0291412

**Girðingaeining**

Salvia Espale, 1800x1800 mm.

**30% afsláttur**

**9.863**

14.900

Vnr.0291492

**Garðbekkur**

Garðbekkur, þriggja sæta, gagnvarinn.

**20% afsláttur**

**6.632**

8.290

**BOSCH**

Vnr. 74897898

**Grasklippur**

BOSCH AGS grasklippur, 4,8V, 65 mínútna ending á rafhlöðum, 10 cm sláttubreidd. Hleðslutæki fylgir.

**25% afsláttur**

**1.418**

1.850

Vnr. 88015580/2

**Bakpoki**

Bakpoki, 52x30x18 cm, blár eða rauður.

**30% afsláttur af öllum reiðhjólum!**

**15.330**

21.000

**26" fjallahjól**

Vnr.49620212

**Fjallahjól**

26" fjallahjól með tveimur dempum, 21-gíra, Shimano gírabúnaði, álfelgum, bretti og V-bremsum.

**20% afsláttur**

**7.192**

8.990

Vnr. 88098181

**Ferðahengirúm**

KELSYUS ferðahengirúm, blátt.

**30% afsláttur**

**1.390**

1.990

Vnr. 88015950

**Tjald**

2ja manna tjald.

**50% afsláttur**

**5.283**

10.567

Vnr.55430015

**Þvottasnúra**

JUWELL þvottasnúra, TWIST, 140.

**33% afsláttur**

**3.990**

5.990

Vnr.50692300

**Reiðhjólástóll**

ERGON reiðhjólástóll.

**30% afsláttur**

**8.295**

11.990

Vnr. 44003160

**Sessukassi**

Sessukassi úr plasti. Stærð: 130x60x55 cm.

**25% afsláttur**

**668**

890

Vnr.88098157/8

**Útilegustóll**

Útilegustóll, grænn eða blár.

**50% afsláttur**

**3.950**

7.900

Vnr.44003156

**Málmleitartæki**

Málmleitartæki.



**GÆÐI Á LÆGRA VERÐI**

Verndarstefnan kemur niður á landbúnaðinum.

## Óþarfa skortur á sjálfstrausti

JÓN KALDAL SKRIFAR

Íslenskir bændur eiga skilið meira traust en ráðamenn þessa lands sýna þeim. Sú verndarstefna, sem hefur verið rekin hér af hverri ríkisstjórn á fætur annarri, ber vott um ákveðinn skort á sjálfstrausti fyrir hönd íslensks landbúnaðar. Ef raunin er sú að ráðamenn hafa ekki meiri trú en svo á gæðum innlendra búvara að þeir telji nauðsynlegt að hlífa þeim við samanburðinum við erlendar vörur, þá er það óþarfa minni-máttarkennd.

Í því samhengi er hægðarleikur að rifja upp hvað gerðist þegar tollar voru felldir niður af gróðurhúsaafurðum árið 2002. Verð á tómötum, agúrkum og öðrum gróðurhúsavörum lækkaði mikið og hafði jafnframt þau áhrif að verð á öðru grænmeti lækkaði. Hver skyldi hafa orðið afleiðingin af þeim verðlækkunum? Hrun í íslenskri gróðurhúsaframleiðslu? Dauði og djöfull? Nei, stóruaukin neysla á gróðurhúsaafurðum og jafnvel lækkun á ávöxtum vegna samkeppnisáhrifa.

Um þetta og margt annað má lesa í tímamótaskýrslu Hallgríms Snorrasonar hagstofustjóra þar sem er farið ofan í saumana á helstu orsakabáttum hásk matvælavæðs á Íslandi.

Skýrsla Hallgríms kom út í júlí í fyrra en full ástæða er til að minna reglulega á niðurstöður hennar þar til stjórnvöld grípa til raunverulegra aðgerða til að lækka matvælavæð hér á landi.

Rétt er að ítreka, og um það þarf ekki að velkjast í neinum vafa, að það er fullkomlega borin von að matvöruverð á Íslandi komist nálægt því að vera á pari við matvælavæð í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við, fyrr en stjórnvöld ráðast í allsherjar uppstokkun á núverandi landbúnaðarkerfi.

Í raun má furðu sæta að við sitjum uppi með landbúnaðarstefnu sem allir virðast tapa á. Neytendur sitja uppi með dýrar búvörur og bændur virðast almennt ekki vera ofhaldnir þrátt fyrir að milljarðar renni til þeirra árlega af skattfé landsmanna.

Gild rök má færa fyrir því að núgildandi einangrunarstefna hafi hægt á eðlilegri aðlögun landbúnaðarins að breytri heimsmynd. Fyrir liggur að innan fárra ára mun nýr viðskiptasamningur Alþjóðaviðskiptastofnunar, sem Ísland er aðili að, leiða til aukinnar samkeppni við innlenda landbúnað. Engin ástæða er til að bíða eftir þeirri niðurstöðu. Eigið frumkvæði að breyttu skipulagi er mun líklegra að leiða til sáttar um breytta stefnu en tilskipun að utan. Auk þess eiga heimili og bændur landsins betra skilið en óbreytt ástand.

Þingmenn Samfylkingarinnar fögnuðu ákaft skýrslu Hallgríms í fyrra, „enda hefur enginn stjórnmalaflokkur barist eins fyrir breytingum á skatta- og tollaumhverfi í matvælageiranum og Samfylkingin,“ svo vitnað sé í orð Össur Skarphéðinssonar, þáverandi þingflokksformanns og núverandi iðnaðarráðherra.

Össur og flokkssysteminum hans eru nú komin í þá aðstöðu að ekki dugar að sitja við orðin tóm. Ríkisstjórnarinnar bíður það löngu tímabæra verkefni að móta nýja landbúnaðarstefnu.

Lækkun og á endanum afnám á innflutningsvernd búvara kallar á aukinn beinan stuðning við bændur á meðan breytingarnar ganga yfir. En ef vel tekst til mun þó eftir standa sterkari og hægkvæmari íslenskur landbúnaður og mun lægra matvöruverð.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. issn 1670-3871

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Mismunur, mismunur!

Þær hafa vakið nokkra athygli, hugmyndir Akraneskaupstaðar að gera samning við Kalmansvík ehf. um að byggja hverfi fyrir 50 ára og eldri. Áður hafa verið skipulögð hverfi með barnafjölskyldur í huga, þá eru uppi hugmyndir um hverfi í Urriðaholtinu fyrir efnað fólk sem vill búa innan afgirts svæðis. En Arna Schram segir á heimasíðu sinni að erfitt muni

verða að framfylgja þessu með aldurstakmarkið. „Þarf maður til dæmis að sýna nafnskrifteini til að fá kaupþilboð samþykkt í fasteign á svæðinu? Og hvað gerist í endursölu? Verða börn bönnuð í hverfinu?“



Þetta er meðal þeirra spurninga sem Arna vill gjarnan fá svarað.

#### Líkir sækja líka heim

Að skipuleggja hverfi eftir aldri íbúa getur bara verið byrjunin, og í raun sparar sveitarfélaginu fé, því þar þarf ekki að gera ráð fyrir rekstri skóla eða leikskóla. Nú þurfa skipuleggjendur bara að fara að leggja hausinn í bleyti og finna leiðir til að laða að sér fólk með fullar hendur fjár. Hús innan öryggisgirðinga verða ekki nóg, heldur þarf að huga að golfvöllum, sundlaugaparadís, veitingahúsum, briddsspílaaðstöðu og fleiru. Þá verður hægt að velja búsetu eftir áhugamáli og búa nálægt fólki með svipuð áhugamál.

Hingað til hefur verið til dæmis hægt að kaupa „flug og bíl“ díla. Fasteignasalar geta þá farið að auglýsa „hús og vinir“.

#### Íþróttir eða fréttir?

Einungis Ríkissjónvarpið rauf útsendingu á sunnudag, þegar lögreglan hélt fréttamannafund vegna árársinnar á Sæbraut þá fyrr um daginn, en Stöð 2 hélt bara áfram auglýstri dagskrá. Af er það sem áður var þegar NFS var og hét. Ástæðan fyrir þessu var ekki áhugaleysi hjá Stöðvar 2 fólk, heldur hefði þurft að rjúfa beina útsendingu Sýnar af golfmóti til að sinna fréttamannafundinum og það var vist ekki í boði.

svanborg@frettabladid.is

## Sól og skjól á nýju Lækjartorgi

Fyrir 10 árum trúði því enginn að hægt væri að sitja úti og sötra kaffi á Íslandi. Mestu hörkutólin létu sig hafa það umvafðir lopapeysu og lyngi til fjalla. Undanfarnar vikur hafa verið þannig að jafnvel sólríkustu bernskuminningar blikna. Miðjarðarhafslöftslagið í gördum höfuðborgarsvæðisins má þó líklega ekki síður þakka trjáum og gróðri sem gjörbreytt hafa veðráttunni í grónum hverfum. Austurvöllur er svo líklega besta dæmið um skjól af manna völdum. Þessi óviðjafnanlegi mannlífspottur sem kraumað hefur í allt sumar ætti jafnframt að vera okkur fyrirmynd í því hvernig við skipuleggjum og búum okkur skjól í borginni.

Það er hins vegar lyginni líkast að ekki eru nema fáein ár síðan Austurvöllur var eins og illa nýtt húsand þar sem helst mátti sjá alþingismenn skáskjóta augnum til Jóns forseta á einmana hlaupum í þinghúsið. Eina lífið að öðru leyti voru stöku mótmæli, fjallkonan á 17. júní eða frostbitin móttaka á hinu ágæta jólatré sem Óslóð-borg sendir okkur af rausn á ádentunni. Hvað breyttist? Áhersla var lögð á að efla miðborgina, breikka gangstéttar, kaupa laglega ljósastaura, hengja upp blómaker og laga beð. Síðast en ekki síst var slakað á reglugerðarklónni og veitingamönnum gert kleift að afgreiða viðskiptavinina sína á torgum úti. Bingó!

#### Tækifærið á Lækjartorgi

Lækjartorg hefur tekið ögn við sér með tilkomu útveitinga og kaffisölu Segafredo en er þó jafnan autt og frekar dautt. Héraðsdómur Reykjavíkur er sérlega líflaus starfsemi í gamla Útvegsbankahúsinu og Hafnarstræti 20 sem sjálfsgert var ætlað að skerma torgið af fyrir norðanáttinni hefur aldrei tekist það og hefur raunar uppskorið hið vafasama heiti „Ljóta



DAGUR B. EGGERTSSON Í DAG | Miðborgin

húsið við Lækjartorg“, hvort sem það getur talist sanngjarnt eða ekki. Andlitslyfting Lækjartorgs er því tvímælaust eitt mikilvægasta miðborgarverkefnið sem borgaryfirvöld standa frammi fyrir.

Undirbúningur að byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhússins í austurhöfninni varð til þess að hugmyndir að endurnýjun Lækjartorgs fengu vængi. Milli tónlistarhússins og Lækjartorgs er gert ráð fyrir að nýjar höfuðstöðvar Landsbankans risi. Fyrir ári síðan minnti tækifærið til að láta hendur standa fram úr ermum enn á sig. Þá festi Landsbankinn kaup á „Ljóta húsinu“ til niðurrifs. Samfylkingin í Reykjavík lagði þegar til að teknar yrðu upp viðræður við bankann um að endurskapa skjólgott Lækjartorg með heildarskipulagi sem tæki mið af uppbyggingu Tónlistarhússins, niðurrifi Hafnarstrætishússins og uppbyggingar höfuðstöðva bankans.

#### Bruninn ýtti við aðgerðum

Tillaga Samfylkingarinnar um endurnýjun Lækjartorgs hafði legið óhreyfð í skipulagsráði borgarinnar í nærri heilt ár þegar eldur varð laus í húsunum við Lækjargötu 2 og Austurstræti 22. Bruninn skilur eftir sig vandfyllt skarð. Borgarstjóri hafði upp stór orð um umfangsmikil uppkaupt borgarinnar á brunnum eignum. Ekkert hefur spurst til þessara yfirlýsinga síðan. Hinn hörmulegi

bruni varð þó til þess að skriður komst loks á vinnu að heildarskipulagi svæðisins. Til að leggja grunn að endurbyggingu beggja vegna Lækjartorgs hafa nú verið valdir sex hópar innlendra og erlendra arkitekta. Þeir verða kostaðir til að skila inn hugmyndum að skipulagi svæðisins. Þær hugmyndir munu keppa, nafnlaust, við tillögur sem öllum er frjálst að senda inn í leit borgarinnar að hugmyndum fyrir uppbyggingu svæðisins. Frestur til að skila inn rennur út 9. ágúst nk. Góð samstaða hefur náðst um það markmið að horn Austurstrætis og Lækjargötu kallist áfram á við söguna og hið gamla andlit Reykjavíkur. Við uppbygginguna er ekki síður mikilvægt að borgaryfirvöld og samstarfsaðilar á svæðinu taki höndum saman um að útlit, skipulag og byggingarlist á þessum lykilstaði verði meðal þess besta sem reist hefur verið í Reykjavík. Líklega skiptir þó ekki minnstu að götur, sund og torg verði þaulhugsuð þannig að mannlíf, sól og skjól njóti sín til fulls.

Samfylkingin mun beita sér fyrir þessari framtíðarsýn og opnum faglegum vinnubrögðum í þeirri mikilvægu og vandasömu vinnu sem framundan er. Undir engum kringumstæðum má heldur gerast að annar vetur lífi, án ákvarðana. Innan við þrjú ár eru þar til vígja á tónlistarhúsið. Á svæðinu þar í kring á jafnframt að rísa nær tvöfalt byggingarmagn þess í formi hágæðahótel, verslana, íbúða og áður nefndra höfuðstöðva Landsbankans. Þessi uppbygging þarf að komast á hönnunarstig eigi hún að haldast í hendur við byggingu tónlistarhússins. Það hlýtur að vera öllum kappsmál. Opnir grunnar og hálfkörüð torg sæma ekki svo glæsilegri og mikilvægri framkvæmd.

Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn.

## Launin þín eru nú til sýnis

#### UMRÆÐAN

Opinberun álagningar-arskráa

Frá og með deginum í dag og næstu tvær vikur munu upplýsingar um tekjur hvers og eins okkar liggja frammi til sýnis fyrir atbeina íslenska ríkisins. Ekkert okkar hefur veitt leyfi fyrir þessari birtingu en með henni gefst samstarfsmönnum okkar, nágrönnum, kunningjum, vinum og síðast en ekki síst óvildarmönnum færi á að hnýsast í einkamálefni okkar, viðkvæmar persónuupplýsingar, fjárhagsmálefni okkar.

Fjárhagsmálefni eru einkamál hvers og eins og meðal viðkvæmstu persónuupplýsinga í nútímamálefni. Gildar ástæður þurfa að liggja til grundvallar þeirri stefnu stjórnvalda að heimta þessar upplýsingar í krafti valdheimilda og leggja þær svo á glámbekk. Örök-



BORGAR ÞÓR EINARSSON

studdar hugmyndir um virkt skatteftirlit með þessum hætti geta vart talist grundvöllur slíkrar valdbeitingar og átroðningi ríkisvaldsins á réttindum einstaklinga.

Formælendur þessa lögbundna yfirgangs – opinberrar birtingar á upplýsingum um launin okkar – nefna gjarnan að gagnsæi í þessum efnun sé mikilvægt, m.a. til að fylgjast með þróun í launamun kynjanna. En allar þær upplýsingar má vinna og birta án þess að tengja þær við nafngreinda menn og konur. Engin þörf er á því, sé þetta tilgangurinn, að ráðast svo freklega gegn friðhelgi einkalífisins.

Birting upplýsinga um tekjur einstaklinga er einnig til þess fallin að grafa undan því trúnaðarsambandi sem viðgengist hefur á vinnumarkaði um launakjör í frjálsum vinnusamningum. Með því að skylda skattstjóra til að leggja álagningar-

og skattskrár fram gerir ríkisvaldið þennan trúnað að engu.

Telja verður að núgildandi ákvæði laga um tekjuskatt sem skylda skattstjóra til að birta álagningar- og skattskrár séu í verulegu ósamræmi við lagaákvæði og þær meginreglur sem lögfestar hafa verið um þagnarskyldu um upplýsingar sem varða fjárhagsmálefni einstaklinga á síðustu árum. Þá verður að teljast afar hæpið umrædd lagagrein standist ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs.

Ungir sjálfstæðismenn munu næstu tvær vikur láta gestabækur liggja frammi á skattstofum. Þeir sem fletta upp í álagningarákrám eru beðnir um að skrá nafn sitt og nöfn þeirra sem þeir eru að grennslast fyrir um í þessa gestabók. Þetta ætti að vera auðsótt, enda er fólk að sinna heiðvirðu skattaftirliti – eða hvað? Við skulum sjá hversu margir gefa sig fram.

Höfundur er formaður SUS.



**Áfengisverð** á Íslandi er eitt það hæsta sem gerist í Evrópu. Áfengisneysla er einnig hvað minnst hér samkvæmt lýðheilsustöð þrátt fyrir að hafa aukist úr 4,0 lítrum af hreinum vínanda á hvern einstakling 15 ára og eldri árið 1985 í 7,2 lítra árið 2006.



**Offita** er smitandi ef marka má rannsóknir bandarískra rannsóknarmanna. Það að umgangast of feitan einstakling eykur hættuna á breytingum á lífsstíl sem stuðla að offitu.



**Í Nóru** í Bankastæti eru alltaf einhver ný tilboð í gangi á eldhúsvörum, matvörum og kertaluktum svo eitthvað sé nefnt. Hægt er að senda tölvupóst á sala@nora.is og fá sendar myndir af tilboðsvörum og fá upplýsingar um verð. Sent er í póstkörfu. Sjá nánar á [www.nora.is](http://www.nora.is)

# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

## Tengsl milli tekna og offitu barna

**Börn vinnandi mæðra eiga á hættu að verða of þung.**  
Þetta á einnig við um börn vel stæðra foreldra.



Fylgst var með börnum til þriggja ára aldurs.

Ný rannsókn bendir til þess að börn ríkra foreldra og vinnandi mæðra séu í meiri hættu á að verða of feit.

Vísindamenn hjá „The Institute of Child Health“ í London fylgdu eftir þrettán þúsund börnum frá fæðingu til þriggja ára aldurs. Um 23 prósent barnanna voru orðin of þung eða of feit við þriggja ára aldur.

Rannsakendur fundu tengingu milli hættunnar á offitu og launa foreldranna. Á þeim heimilum þar sem innkoma fjölskyldunnar var 22 til 33 þúsund pund á ári (2,8 milljónir til 4,1 milljón) voru börn tíu prósentum líklegri til að verða of feit en á þeim heimilum þar sem innkoman var 11 þúsund á ári eða minni. Börn á heimilum þar sem innkoman var yfir 33 þúsund pund á ári voru 15 prósent líklegri til að verða of feit. Rannsakendur töldu þetta afsanna þá kenningu margra að offita sé í mestum mæli vandamál á fátækari heimilum. Rannsakendur töldu sig einnig finna vísbendingar um að börn

vinnandi mæðra séu líklegri til að verða of þung en börn mæðra sem vinna heima. Töldu þeir líklegt að fjarvera móður, frekar en peningaleysi, kæmi í veg fyrir að börn fengju heilsusamlegt fæði og hreyfingu. Einnig gæti fjarvera foreldra aukið neyslu barna á ruslfæði og aukið sjónvarpsáhorf. Þá væru vinnandi mæður ólíklegri til að vera með börnin á brjósti eins lengi og mælt sé með.

Í Bretlandi hefur vinnandi mæðrum fjölgað mjög síðustu ár. Fyrir 25 árum voru 55 prósent mæðra heimavinnandi en í dag eru 21 prósent heima.

Af vef BBC <http://news.bbc.co.uk>

## Reykingar auka líkur á rístruflunum

**Eftir því sem karlmenn reykja fleiri sigarettur þeim mun meiri líkur eru á rístruflunum.**

Enn hallar á reykningamenn. Ekki nóg með að þeir fái krabbamein og þeim hafi verið úthýst af flestum opinberum stöðum þá er búið að sýna fram á það að reykningar valda rístruflunum hjá karlmönnum.

Þetta er niðurstaða bandarískra rannsóknarteymis sem kannaði tengsl reykninga og rístruflana í kínverskum karlmönnum. Þeir sem reyktu voru gjarnari á að upplifa rístruflanir og þeir sem reyktu mikið voru enn gjarnari að upplifa þá þínu og kvöl sem fylgir því er litli tindatinn vill ekki setja upp byssustinginn.

Hjá þeim sem þjást af sykursýki voru tengsl reykninga og rístruflana enn skýrari en allt að 23 prósent tilvika rístruflana mátti rekja til reykninga.



Nú er búið að sýna fram á það svart á hvítu að reykningamenn standa ekki alltaf undir væntingum.



Jóhann segir Barðsneshlaup draga heiti sitt af gömlu býli, Barðnesi, sem fór í eyði 1956. Þar hefst hlaupið. Nánari upplýsingar á [www.islandia.is/bardneshlaup](http://www.islandia.is/bardneshlaup).

## Hlaupið eftir kindagötum

**Barðsneshlaup fer fram í Neskaupstað um verslunarmannahelgina og verður með breyttu sniði í ár.**

Barðsneshlaup fer fram í ellefta sinn um næstu verslunarmannahelgi, en það tengist hátíðarhöldunum á Neistaflugi. Að sögn eins skipuleggjandanna, Jóhanns Tryggvasonar, geta keppendur vænst lítilsháttar breytinga.

„Við verðum í fyrsta sinn með hálf hlaup núna í ár, þar sem byrjað verður á miðri leið. Er þá hlaupið þrettán kílómetra frá Hellisfirði. Þetta er tilvalið fyrir þá sem eru að fara þetta í fyrsta sinn,“ segir Jóhann og bætir við að því sé í raun um tvö hlaup að ræða.

„Lengra hlaupið er 27 kílómetra fjallahlaup, sem er krefjandi fyrir hlaupara, en ákaflega skemmtilegt fyrir skokkara,“ heldur Jóhann áfram. „Því þrátt fyrir að leiðin sé löng er hún samt það stutt að hlauparar ættu að geta hlaupið hana á fullum krafti allan tímann. Keppnin verður því mjög spennandi.“

Að sögn Jóhanns er núverandi methafi Þorbergur Jónsson, með tvo tíma og 29 sekúndur. Auk þess hefur hann oftast unnið hlaupið eða samtals sex sinnum. Segist Jóhann vita til þess að marga unga menn dreymi um að slá Þorberg út af laginu, en þeir megi þó búast við harðri keppni þar sem hann æfi frjálssar íþróttir fyrir sunnan og sé vanur að hlaupa í fjalllendi og eftir kindagötum.

Met kvennanna er þriggja ára gamalt. Það er í höndum Hjálmðísar Tómasdóttur og vonast Jóhann til að sjá það slegið í ár. Hann segir konur hafa verið duglegar að taka þátt í Barðsneshlaupi og eru yfirleitt tæplega einn þriðjungur keppenda. Á bilinu átta til sjö af þeim þrjátíu sem venjulega skrá sig í hlaupið.

Jóhann segist reyndar eiga von á metþátttöku í ár, sem ráðist meðal annars af því hversu margir hafi skráð sig þótt skráningu sé ekki nærri lokið. „Við skynjum að áhuginn er mjög mikill og eigum von á að margir eigi eftir að mæta,“ segir hann hress í bragði.

roald@frettabladid.is

**JÚLÍ**

**Kafbátur mánaðarins**

**PIZZABÁTUR** ...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða



**6 tommu bátur kr. 299**

Gildir í júlí 2007  
Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Stjórnunáli

**SUBWAY**

Ert þú á leiðinni út úr bænum?  
Þú færð kafbát allan sólarhringinn á N1 Ártúnshöfða og N2 Hringbraut



## Dísilmengun hættuleg

Dísilmengun í bland við óhollar fitusýrur virkja gen sem stuðla að hjartasjúkdómum.

Bandarískir vísindamenn hafa komist að því að dísilmengun getur verið mjög hættuleg blandist hún óhollum fitusýrum, svokölluðu LDL-kólesteróli. Efnin saman eru mun hættulegri en sitt í hvoru lagi.

Ástæðan er að efnin sameinuð virðast virkja gen sem kallar fram bólgu í æðum. Afurðir gensins stuðla að hjartasjúkdómum eins og kransæðastífl-

um og hjartaáföllum og geta því verið mjög hættuleg.

Það eru engin ný sannindi að loftmengun frá bílum sé hættuleg en rannsóknin vekur upp spurningar hvort dísilmengun geti verið hættulegri en bensílmengun að einhverju leyti.

- tg



Bensín eða dísil? Spurningin er margþættari en margur hyggur.

## Enn deilt um áhrif kannabis

Bresk rannsókn bendir til þess að kannabisefni auki líkur á geðsjúkdómum. Ekki eru allir sáttir.

Rannsóknarlið frá háskólunum í Bristol og Cardiff hafa birt niðurstöður rannsókna sinna þar sem full-yrkt er að kannabisnotendur séu fjörutíu prósentum líklegri til að þjást af geðsjúkdómum en þeir sem láta efnid vera. Er þá sérstaklega átt við geðklofa.

Líkurnar á því að fá geðklofa eru þó mjög litlar, sama hvort kannabis er reykt eða ekki. Ekki fundust tengsl milli þunglyndis eða kvíða og notkun kannabisefna.

Á vef BBC er greint frá því að vísindamenn frá bæði Oxford-háskóla og Háskólanum í Bristol hafi gagnrýnt rannsóknina. Hún sanni í raun ekki neitt og prófessor David Nutt, formaður geðlyfjafræðideildar Háskólans í Bristol, gengur svo langt að fullyrða að þó kannabisefni séu vissulega hættuleg þá séu þau hættuminni en áfengi og tóbak.

- tg



Sumir vísindamenn segja kannabis hættulegt eiturfylf á meðan aðrir segja það hættuminni en áfengi og tóbak.

**Fyrir úthald**

Heilsu-hornid

Póstsendum um land allt

Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræid - Fjarðarkaup, Maður lífandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mostellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn

**Stinnari á 4 vikum...**

Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!

SLENDERTONE System belt fyrir kvíðvöðva

dömu / herra kr. 19.980,-

allt fyrir kroppinn

**HREYSTI**

Skeifunni 19 - 5. 568 1717

www.hreysti.is

eða 6.660 á mán. í 3 mán.

**Morning Fit**

bjargar næsta degi

dregur úr og getur komið í veg fyrir hin þekktu heilsufarslegu eftirköst afengisneyslu

morning fit tafla inniheldur vítamín og sérstaka gertegund sem nefnist KR9

dregur ekki úr magni alkóhóls í blóðinu

Hangover helper

**Morning Fit**

Dietary supplement

Náttúran.is er náttúrumarkaður með lífrænar og umhverfisvottaðar vörur...

...opið alltaf, allsstaðar.

www.natturan.is



Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir veitir fólki ráðgjöf um hvernig vinna megi bug á myglusvepp, í gegnum fyrirtæki sitt Hús og heilsa. Að hennar sögn er sveppurinn einna skaðvænlegastur á haustin, þegar úrhellið er hvað mest.

FRETTABLAÐIÐ/GVA

## Óværa inni á heimilinu

Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur, aðstoðar fólk við að hreinsa hýbýli sín af myglusvepp.

Hjónin Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir og Pálmi Steingrímsson misstu allt sitt þegar heimili þeirra varð undirlagt af illræmdum myglusvepp fyrir nokkrum árum. Tíma tók að ráða niðurlögum óværunnar, ekki síst vegna upplýsingaskorts. Í kjölfarið stofnaði Sylgja fyrirtækið Hús og heilsa til að aðstoða fólk í svipuðum sporum.

„Ég veiti helst ráð um hvernig megi vinna bug á myglu- eða fúkkasveppum í húsum og endurheimta heilsuna,“ segir Sylgja og bætir við að hún fari einnig í hús- vitjanir til að athuga með myglusveppi, taki sýni og hreinsi hús- næði af sveppum í einstaka tilvikum. „Einnig tek ég að mér úttekt með tilliti til raka eða leka og myglusveppa á húsnæðum fyrir fólk í kaup- og söluhugleiðingum á fasteignum.“

Að sögn Sylgju eiga sveppirnir upptök sín úti í náttúrunni, þar sem þeir aðstoða við niðurbrot og rotun án þess að hafa skaðleg áhrif. Það er í raun ekki fyrr en þeir berast inn í hús og taka sér bólfestu við ákveðnar aðstæður, sem þeir geta farið að mynda eit- urefni sem hafa neikvæð áhrif á heilsuna.

„Til að slíkt gerist þarf fyrst og fremst raka, lífrænt æti og litla samkeppni,“ útskýrir Sylgja. „Eins og til dæmis inni á baðherbergjum, í bílskúrum, geymslum, þvottahúsum og á þökum. Líka þar sem eitthvað amar að hús- næðinu, eins og þar sem þak eða klæðning lekur.“

Sylgja segir eitur myglusveppa berast inn með öndun og í gegnum húð og valdi ýmsum einkennum. Þurrkur í hálsi á morgnana, höfuðverkur og síþreyta séu einna algengust. Margir fá melt- ingartruflanir, öndunarerfiðleika og í verstu tilfellum taugaein- kenni eins og sjóntruflanir. Aðrir sýni ofnæmisviðbrögð, en um þessi og fleiri einkenni má lesa á heimasíðu Sylgju, www.husog- heilsa.is. Þar er einnig að finna ráðleggingar um hvernig megi endurheimta heilsuna.

Leiki grunur á að sveppur hafi skotið rótum í húsi, segir Sylgja ákveðin atriði sýna og sanna hvort hann sé á rökum reistur. „Sjái maður til dæmis dökka bletti eða skelli þar sem raka- skemmdir eru inni, er líklegast um svepp að ræða. Hann finnst í málningu, timbri, fúgu og á fleiri stöðum og geta verið allavega á litinn: ýmist grænir, gráir, bleik- ir og svartir. Stundum eru þeir illa lyktandi eða loðnir. Það er auðvitað best að fá fagmanneskju til að fá úr því skorið og ráða nið- urlögum sveppsins, enda duga


engin vettlingatök.“

Helst segist Sylgja þó vilja að fólk þurfi ekki að leita til hennar, heldur grípi til fyrirbyggjandi aðgerða svo sveppurinn taki sig ekki upp. Best sé að halda rakan- um í húsinu undir fimmtíu pró- sentum. Gera strax við allan vatnsleka í stað þess að láta hann þorna svo vikum skiptir og fjar- lægja allt sem blautt er. Þetta séu allt saman góð og gild ráð til að halda þessari óværu í skefjum.

roald@frettabladid.is



Sveppir þurfa raka, lífrænt æti og litla samkeppni til að þrífast vel.



Borð með miðjufótum koma í veg fyrir alls kyns óþægindi. Hætta minnkar á að maður reki tærnar í borðfætur eða lendi með þá á milli fótanna.



Hérna sést hvernig hægt er að stækka borðin.

## Sniðin að þörfum hvers og eins

**Móðern í Hlíðarsmára 1 býður upp á nýja borðlínu með ýmsum notkunarmöguleikum.**

Húsgagnaverslunin Móðern hefur tekið inn borð frá þýska fyrirtækinu Draenert, sem eru meðal annars búin þeim eiginleika að vera stækkanleg.

Adler-borðin svokölluðu hafa notið einna mestra vinsælda, en sérkenni þeirra eru meðal annars

mismunandi miðjufætur sem nota má við ólík tækifæri. Einnig er hægt að velja um Adler-borð með spónaplötu eða gegnheilum við og hvorki meira né minna en 48 tegundum af steini.

Borðin eru með tveimur útfærslum af stækkunarmöguleikum. Hægt er annað hvort að stækka út frá hliðum, eða frá miðjunni.

Svo er alltaf hægt að hafa hlutina einfalda og verða sér úti um borð án stækkunarmöguleika. - *ve*



Borðin eru fánleg með nokkrum tegundum borðplatta.



Hægt er að stækka borðin annað hvort út frá hliðum, eins og í þessu tilviki, eða frá miðju.



### Circa Ceramics

MYNDSKREYTTAR FLÍSAR Á VEGGINN.

Samhliða framkvæmdum við HR mun Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar standa að framkvæmdum við götur og bílastæði á svæðinu. Þær framkvæmdir munu hefjast á svæðinu í júlí 2007. Jarðvirna við byggingu HR mun hefjast síðla sumars 2007. Gert er ráð fyrir að verktaki geti hafð framkvæmdir við uppsteypu í nóvember 2007. Verklök fyrri áfanga er í júlí 2009 og seinni áfanga í júlí 2010.




**Holt & Gott ehf.**  
**óskar eftir að ráða**  
**bílstjóra og lagermann**  
 Uppl. veitir Guðmundur í s. 843 5107

Hringdu í síma

**512 50 60**

ef blaðið berst ekki



FERSKAR  KJÖTVÖRUR

### Starfsmaður í Mötuneyti

Ferskar Kjöttvörur óska eftir starfsmanni í mötuneyti starfsmanna að Síðumúla 34

Um er að ræða 60-100% starf.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn í síma 6606320

FERSKAR  KJÖTVÖRUR

### Starfsmaður óskast

Ferskar Kjöttvörur Og Furðufiskar óska eftir starfsmanni til að hafa umsjón með kjötborð okkar í Hagkaup Smáralind Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ragnar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000





**KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]**

**OMX ÍSLAND 15**  
8.507 **-2,19%**

Fjöldi viðskipta: 845  
Velta: 9.430 milljónir

**MESTA HÆKKUN**

**MOSAIC** +1,18%  
**ATLANTIC PETROLEUM** +0,37%  
**EIMSKIPAFÉLAGIÐ** +0,25%

**MESTA LÆKKUN**

**ALFESCA** -4,04%  
**FL GROUP** -3,85%  
**CENTURY ALUMINUM** -3,63%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,10 -2,15% ... Bakkavör 66,20 -2,65% ... Eimskipafélagið 39,70 +0,25% ... Exista 37,55 -3,10% ... FL Group 27,50 -3,85% ... Glitnir 29,50 -1,83% ... Icelandair 28,90 -0,35% ... Kaupþing 1.220 -2,40% ... Landsbankinn 39,00 -1,02% ... Mosaic Fashions 17,20 +1,18% ... Straumur-Burðarás 21,05 -2,77% ... Össur 107,50 -1,83% ... Teymi 5,61 +0,18%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

**SPÁR UM HAGNAÐ GLITNIS Á 2. ÁRSFJÓRÐUNGI**

Spá Kaupþings	8.169
Spá Landsbankans	8.514
Meðaltalsspá	8.342

\* Upphæðir í milljónum króna

**Fyrstu tölur Lárusar Weldings**

Glitnir birtir hálfárs uppgjör sitt í dag sem er það fyrsta eftir að Lárus Welding tók við forstjórastarfinu af Bjarna Ármannssyni. Landsbankinn spáir góðu uppgjöri frá Glitni. „Mikil endurskipulagning hefur átt sér stað nýlega hjá bankanum og þá sérstaklega í tengslum við starfsemi bankans í Noregi. Við spámum 8,5 ma.kr. hagnaði hjá bankanum á fjórðungnum,“ segir í Veggvísí Landsbankans. Kaupþing reiknar með að hagnaður Glitnis á öðrum ársfjórðungi hafi legið rétt undir 8,2 milljörðum króna. Glitnir skilaði um ellefu milljörðum króna í hagnað á öðrum ársfjórðungi í fyrra. - epa

**Sex daga lækkun vísitölunnar**

Úrvalsvísitalan lækkaði um 2,19 prósent í gær og endaði í 8.507 stigum. Þetta var sjötti viðskiptadagurinn í röð sem vísitalan lækkar og þarf að leita aftur til ellefta maí árið 2005 til að finna jafn marga lækkunardaga í röð. Frá því að Úrvalsvísitalan náði hæsta gildi frá upphafi hinn 18. júlí hefur hún lækkað um 5,6 prósent. Þrátt fyrir umræddar lækkanir er árshækkun hennar þegar orðin um 33 prósent. Velta gærdagsins nam 9,4 milljörðum króna og var mikill fjöldi viðskipta eða 845. Erlendir hlutabréfamarkaðir, sem hafa einnig verið að lækka, réttu úr kútnum í gær og hækkuðu bandarísk hlutabréf eftir að verðbréfafyrirtæki á Wall Street mæltu með kaupum í hlutabréfum. - epa

**Metvelta á fasteignamarkaði**

Fjögurra vikna meðalvelta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu jókst um 155 prósent miðað við sama tíma í fyrra og hefur ekki verið meiri á þeim tíma sem gögn ná til, eða til ársins 2002. Í Veggvísí greiningardeildar Landsbankans er frá því greint að ársbreytingin hafi tekið mikinn kipp við byrjun sumars með aukinni veltu á fasteignamarkaði. „Einungis tvisvar sinnum áður hefur verið svipuð fjögurra vikna ársbreyting en það var undir lok árs 2004 og á vormánuðum 2005 en þá var breytingin um 120 prósent,“ segir í riti greiningardeildarinnar. Bankinn bendir þó á að lækkun láns hlutfalls auk hærrí vaxta gæti hægt á fasteignamarkaðinum, láns hlutfall íbúðalána hjá íbúðalánasjóði hafi nýlega verið lækkað úr 90 prósentum í 80 prósent, auk þess sem viðskiptabankarnir hafi hækkað vexti á íbúðalánunum. - óká

**Ljúka yfirtökunni á Versacold**

Eimskip orðið langstærsta kæli- og frystigeymslufyrirtæki heims.

Öll skilyrði yfirtökutilboðs Eimskips í kanadíska fyrirtækið Versacold Income Fund hafa verið uppfyllt samkvæmt tilkynningu Eimskip Holdings Inc., dótturfélags Hf. Eimskipafélags Íslands og stjórnar Versacold Income Fund til Kauphallar Íslands í gær. Þá hafa öll tilskilin leyfi fyrir yfirtökunni verið veitt. Yfirtökutilboðið í allt félagið sem var lagt fram í maílok hljóðaði upp á 67 milljarða króna. Eimskip verður við yfirtökuna á Versacold langstærsta kæli- og frystigeymslufyrirtæki heims með starfsemi í 35 löndum í fimm heimsálfum. „Eimskip hefur fengið samþykki fyrir kaupum á um það bil 54,1 milljón hlutum, sem samsvara 93 prósentum af

útgefnum og útistandandi hlutum eða 87 prósentum af útgefnum og útistandandi hlutum að öllum hlutum meðtöldum,“ að því er fram kemur í tilkynningu félagsins. Eimskip ætlar að eignast allt hlutafé í Versacold Income Fund og áætla að því ljúki núna um mánaðamótin. „Versacold verður afskráð úr Kauphöllinni í Toronto eins fljótt og hægt er með tilliti til þeirra laga sem gilda þar um. Einnig hyggst Versacold sækja um leyfi til Fjármálaeftirlits Kanada um að losna undan reglum sem gilda um skráð fyrirtæki um leið og Eimskip eignast allt hlutafé í félaginu.“ Eimskip vann með KingSett Capital að fjármögnun kaupanna, sem verður með veði í fasteignum. - óká



UM BORD Í GOÐAFOSSI í maílok tilkynnti Eimskip um kaup á fjórðungi hlutafjár í Versacold Income Fund og lagði um leið fram yfirtökutilboð í þá hluti sem eftir stóðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Tjaldaland Útilífs er við hliðina á TBR-höllinni**

**Troðfull flöt af uppsettum tjöldum!**



**Útilegan byrjar í Útilíf**



**Nevada 3ja manna**  
3ja manna sigilt kúlutjald.  
**Tilboð 4.990 kr.**  
Verð áður 6.990 kr.



**Como 6 manna**  
Fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum. Fortjald er á milli svefntjaldanna. Tveir inngangar.  
**Tilboð 14.990 kr.**  
Verð áður 19.990 kr.



**Andros 6 manna**  
Fjölskyldu-braggtjald með tveimur svefntjöldum. Stórt fortjald með dúk. Óflugar álsúlar.  
**Tilboð 36.990 kr.**  
Verð áður 42.990 kr.



**Millet Hiker 38 l**  
Frábær dagpoki. Innbyggð regnvörn.  
**Tilboð 9.990 kr.**  
Verð áður 12.990 kr.



**Deuter Aircontact 50+10 SL**  
Dömpoki í Aircontactlinunni frá Deuter. Sérhannaður fyrir konur.  
**Tilboð 19.990 kr.**  
Verð áður 21.990 kr.



**Deuter Aircontact 65+10 l**  
Poki ársins í sínum flokki árið 2004 og 2006 hjá Outdoor timaritinu.  
**Tilboð 19.990 kr.**  
Verð áður 23.990 kr.



**Meindl Colorado lady**  
Flokkun B Nubuk leður. Gore Tex vatnsvörn. Multigriff sóli. Þyngd: 750 g (stærð 42). Einnig til í herraútfærslu.  
**Tilboð 17.990 kr.**  
Verð áður 19.990 kr.



**Meindl Island Pro GTX**  
Flokkun BC. „Einn sá allra besti“ Heil tunga og vandaður frágangur. Ótrúlega léttir! Þyngd: 830 g (stærð 42). GTX vatnsvörn. MFS fóður lagar sig að fætinum. Vibram veltisóli með fjóðrun. Sérlega góður stuðningur við ökkklann. Einnig fánlegir í dömustærðum, bláir.  
**Tilboð 19.990 kr.**  
Verð áður 24.990 kr.

**Allar útilegugræjur á einum stað**

## WESLEY SNIPES ER 45 ÁRA Í DAG

„Margar bíómyndir sem ég hef verið í með öðru lituðu fólki hafa ekki verið það góðar. Margir litaðir leikarar eru líka ekki það góðir.“

Leikarinn Wesley Snipes má muna fífil sinn fegurri en enn reglulegur gestur í B-myndum hvíta tjaldsins.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 31. JÚLÍ 1991

# Börn náttúrunnar frumsýnd

Ein vinsælasta íslenska kvikmynd allra tíma var frumsýnd þennan dag árið 1991 í Stjórnubíói. Það var myndin *Börn náttúrunnar* í leikstjórn Friðriks Þórs Friðrikssonar. Hún var sýnd daglega í meira en ár og einnig tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda kvikmyndin en hlaut þau þó ekki. Myndin er gerð eftir handriti Einar Mús Guðmundssonar og segir frá Þorgeiri sem flytur á elliheimili í Reykjavík eftir að hafa búið í sveit allt sitt líf. Hann hittir aftur gamla vinu sína, Stellu, og saman strjúka þau af elliheimilinu.

Öllum sem séð hafa myndina er örugglega minnisstæður stjórnuleikur þeirra Gísla Halldórssonar og Sigríðar Hagalín. Ekki síst sem hins ástfangna þars sem strýkur út í nóttlausu voraldrar veröld norður á Hornströndum.

Aðrir stóruleikarar í *Börnum náttúrunnar* eru Rúrik Haraldsson, Baldvin Halldórsson, Egill Ólafsson,



SIGRÍÐUR HAGALÍN SEM STELLA Í HVANNSTÓÐUNU Á HORNSTRÖNDUM.

Tinna Gunnlaugsdóttir og Margrét Ólafsdóttir. Tónlist Hilmars Arnar Hilmarssonar sló líka í gegn í myndinni enda hlaut evrópsku Felix-kvikmyndaverðlaunin fyrir hana.

## MERKISATBURÐIR

- 1498** Kristófer Kólmundur finnur eyjuna Trínídad.
- 1751** Eldur er laus í Stokkholmi og eyðir um þúsund húsum.
- 1927** Erlingur Pálsson yfir-lögregluþjónn sýndir úr Drangey til lands á fjórum klukkustundum og 25 mínútum. Líklega sá fyrsti á eftir Gretti Ásmundssyni til að vinna slíkt afrek.
- 1935** Tryggvi Þórhallsson lést, 45 ára að aldri. Hann var ritstjóri *Tímans* í tíu ár, sat á þingi í tólf ár, var forsætisráðgjafi í fimm ár (1927-1932) og bankastjóri Búnaðarbankans í þrjú ár.
- 1992** Fyrsta barnið fæðist eftir glasafrjóvgun hérlandis. Stúlka sem mældist 14 merkur.

## LENKA PTÁCNÍKOVA: NORÐURLANDAMEISTARI KVENNA Í SKÁK

# Drekaafbrigðið í uppáhaldi

„Þú verður að afsaka töskurnar í ganginum. Við mæðgurnar vorum að koma heim í nótt,“ segir Lenka Ptácníkova brosandí þegar hún tekur á móti blaðamanni á heimili sínu. Til efni viðtalsins er að nú um helgina varð Lenka Norðurlandameistari kvenna í skák úti í Danmörku. Dóttirin, Lilja Helgadóttir, er sjö ára og ætti í raun skilið titilinn „Ferðakonan unga“ því hún fór ein til Tékklands í sumar í heimsókn til ættingja sinna þar og síðan til Kaupmannahafnar þar sem hún slóst í för með móður sinni heim.

Lenka er semsagt frá Tékklandi og flutti hingað árið 2000 með þáverandi eiginmanni sínum Helga Ás Grétarsyni skákmeistara. Það sama ár var stórmeistararitill hennar í höfn. „Ég tefldi fyrir Tékkland á þeim tíma en eftir að ég varð íslenskur ríkisborgari tefli ég að sjálfsgöðu fyrir Ísland. Byrjaði á því á ólympíumóti á Mallorca 2004,“ segir hún.

En hvenær fór hún fyrst að tefla? „Ég hugsa það hafi verið um fimm ára aldur. Í Tékkóslóvakíu, eins og landið mitt hét í gamla daga. Þurftum við oft að flytja en þá var venja að fjölskyldan gerði eitthvað skemmtilegt saman. Pabbi kenndi bróður mínum að tefla og ég náði því líka,“ segir hún og brosir. Kveðst í raun ekki hafa haft mikinn áhuga til að byrja með en bróðir hennar hafi verið í skáklúbbi og þar hafi verið skylda að hafa stelpur í liðinu líka. „Ég var beðin að koma í liðið og þá fór mér að líka við skákina, enda fylgdu henni líka ferðalög sem ég hafði gaman af,“ lýsir hún.

Enn fylgja ferðalög skákinni og Lenka kveðst hafa nóg að gera. „Í febrúar á þessu ári var ég að tefla í Moskvu, síðan á Evrópukeppni kvenna í Dresden í Þýskalandi. Í júní tefldi ég á sterku móti hér á landi og nú var ég í Helsingör í Danmörku.“ Hún segir kvennamótin í skák ekki eins sterk og þegar bæði kynin etja kappi. „Það eru miklu fleiri karlar í skákinni en konur og því er mun harðari samkeppni þar sem þeir eru með. Stundum er ég eina konan á stórum mótum.“

Spurð um ástæður þessa svarar hún: „Það er algengara að strákar fari í skák og í taflfélögum eru yfirleitt örfáir stelpur og það eru ekki margar konur sem halda áfram í skákheiminum.“

Lenka kveðst vera á stórmeistaralaunum enda lifi enginn á þeim verðlaunum sem fáiast á mótum. Sigurinn á nýafstöðnu móti færði henni þrjú þúsund danskar krónur og þær hrökkva ekki fyrir ferðum og upphaldi. „Sagt er að munurinn milli pókers og skákarsé sá að í skákinni sé mikil vinna en lítill laun en í pókerum lítill vinna sem vel er borgað fyrir. Enda hafa margir skákmenn snúið sér að pókerum en ég ætla að halda mig við skákina,“ segir hún hlæjandi.



NORÐURLANDAMEISTARI „Það eru miklu fleiri karlar í skákinni en konur og því er mun harðari samkeppni þar sem þeir eru með. Stundum er ég eina konan á stórum mótum,“ segir Lenka Ptácníkova, nýbakaður Norðurlandameistari kvenna í skák.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

launum enda lifi enginn á þeim verðlaunum sem fáiast á mótum. Sigurinn á nýafstöðnu móti færði henni þrjú þúsund danskar krónur og þær hrökkva ekki fyrir ferðum og upphaldi. „Sagt er að munurinn milli pókers og skákarsé sá að í skákinni sé mikil vinna en lítill laun en í pókerum lítill vinna sem vel er borgað fyrir. Enda hafa margir skákmenn snúið sér að pókerum en ég ætla að halda mig við skákina,“ segir hún hlæjandi.

Spurð um eftirlætisleik eða vörn í skákinni nefnir hún drekaafbrigði í Sikileyjarvörn. „Ég tefli það sjaldan

í dag en gerði það stundum sem lítil stelpa og þykir alltaf vænt um það.“

Fram undan nú er undirbúningur undir Íslandsmót karla sem verður í lok ágúst og byrjun september. Þar verður Lenka ein kvenna og býst við harðri keppni. Þó gæti verið annar kvenmaður í liðinu. Lenka er nefnilega kona eigi einsöm og á von á barni um miðjan október. Hver veit nema þar sé skáksnillingur á ferð því faðir þess og eiginmaður Lenku er Omar Hamed Aly Salama sem einnig er stórmeistari í skák.

gun@frettabladid.is



Einlægur hjartans þakkir sendum við öllum þeim er með nærveru sinni og samúðarkveðjum beidruðu minningu ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Karls Gústafs Ásgrímssonar,**  
Kópavogsbraut 97, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til séra Hans Markúsar Hafsteinssonar fyrir ómetanlegan stuðning, einnig til lækna og hjúkrunarfólks sem önnuðust hann í veikindum hans. Guð blessi ykkur.

Svanhildur Th. Valdimarsdóttir  
Margrét Inga Karlsdóttir  
Helga Jóhanna Karlsdóttir Rúnar Sólberg Þorvaldsson  
Bjarni Karlsson  
Svanhildur A. Sigurgeirsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarbug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Magnúsar Finnogasonar,**  
verslunarmanns, Gnoðarvogi 68,

sem andaðist föstudaginn 6. júlí. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Landspítalans á deild 11G við Hringbraut og starfsfólki Sjúkrahótelsh LH við Rauðarárstíg.

Steinunn Stefánía Magnúsdóttir Ísleifur Jónsson,  
Jóhanna Finnborg Magnúsdóttir  
Hafliði Sigtryggur Magnússon Svanhildur Agnarsdóttir,  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afa, langafi og vinur,

**Guðmundur Kristjánsson**  
Vidigerði 3, Grindavík,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 27. júlí, verður jarðsöngurinn frá Grindavíkirkirkju fimmtudaginn 2. ágúst kl. 14.00.

Margrét Guðmundsdóttir Jón Guðmundsson  
Kristín Guðmundsdóttir  
Hermann Þorvaldur Guðmundsson Kristín Edda  
Ragnarsdóttir

Erla Olsen  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir og afa,  
**Jónas Jónsson**  
frá Yztafelli,

sem lést 24. júlí á Landspítala – háskólasjúkrahúsi verður jarðsöngurinn frá Digraneskirkju þriðjudaginn 31. júlí klukkan 15.00.

Sigurveig Erlingsdóttir  
Sigrún Jónasdóttir  
Helga Jónasdóttir  
Jón Erlingur Jónsson  
Úlfhildur Jónasdóttir  
og barnabörn.  
Björn Jóhannessen  
Tómas Þór Tómasson  
Védís Jónsdóttir  
Þorsteinn Karlsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Elísabet Guðmundsdóttir,**  
Skógarbæ, Árskógum 2, Reykjavík, áður Grýtubakka 4,

lést sunnudaginn 29. júlí 2007.

Ómar Ólafsson Kristín Þórarinsdóttir  
Bragi Hjörtur Ólafsson  
Guðmundur Kristinn Ólafsson Ingibjörg Sigurðardóttir  
S.Stefán Ólafsson Jóhanna J. Guðbrandsdóttir  
Olga Ólafsdóttir Sigurður Jónsson  
Sólveig Ólafsdóttir Trausti Hermannsson  
Sigurlín Ólafsdóttir Ólafur Valur Ólafsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg kona mín, móðir okkar og tengdamóðir,

**Guðrún Magdalena Birnir,**

verður jarðsöngurinn frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 2. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð.

Elí Auðunsson Hördur Kjartansson  
Þórunn Elísdóttir  
Jórunn Elísdóttir  
Björn Elíson Bára Traustadóttir  
Auðunn Elíson Valgerður Þórðardóttir  
Bryndís Malla Elísdóttir  
Helga Elísdóttir Fjalar Jörundsson



**EAS**® Þorvaldur Þórsson - Hátindahöfðinginn\*  
 \*Þegar markmiðin eru stór þarf undirstaðan að vera rétt.  
 EAS vörur uppfylla kröfur mínar um árangursríka næringu.\*

\*Þessi álitun byggir á því að þú hafi átt að sjá 100 kila í hlaði þínu á áhrifamiklu áhrifamati.

Í pokahorni Hátindahöfðingjans

**EAS Máltíðarstöng**

15 gr. máltíðarstöng



Máltíð full af fyrsta flokks næringarefnum  
 15 gr. hágæða prótein  
 Orkurík kolvetni og trefjar  
 20 vítamín og steinefni  
 Engar transfitur, 190 hitaeiningar

**Iso-Drive Orkudrykkur**

750 ml (25 fl. oz.)



Iso-Drive drykkjavara fyrir hámarks orku og uðald. Inniheldur kraftmikla kolvetnablanda ásamt vítamínum, steinefnum og amínósýrum.

EAS vörur fást m.a. hjá:



Nánari upplýsingar um EAS heiluvörur fást í síma 5552866 eða á [www.eas.is](http://www.eas.is)

# Tilboðsveisla Heimsferða í ágúst

frá aðeins kr. **14.990**

Frábær sértíðboð - síðustu sætin



Heimsferðir bjóða síðustu sætin í ágústólina austan hafs og vestan, á hreint ótrúlegu verði. Tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum! Nánari á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is).

Bókaðu núna!

## Rhodos - síðustu sætin

4. ágúst	UPPSELT	
11. ágúst	örfá sæti - 2 vikur	frá kr. 49.990
18. ágúst	örfá sæti	frá kr. 49.990
25. ágúst	örfá sæti	frá kr. 49.990

## Fuerteventura - síðustu sætin

7. ágúst	9 sæti	frá kr. 44.990
14. ágúst	23 sæti	frá kr. 39.990
21. ágúst	örfá sæti - 2 vikur	frá kr. 39.990

## Montreal - Kanada - síðustu sætin

2. ágúst	UPPSELT	
9. ágúst	8 sæti	frá kr. 29.990
16. ágúst	örfá sæti	frá kr. 29.990
23. ágúst	örfá sæti	frá kr. 29.990
30. ágúst	örfá sæti	frá kr. 29.990

## Mallorca - síðustu sætin

3. ágúst	UPPSELT	
10. ágúst	6 sæti	frá kr. 39.990
17. ágúst	nokkur sæti	frá kr. 39.990
24. ágúst	nokkur sæti	frá kr. 39.990

## Costa del Sol - síðustu sætin

1. ágúst	UPPSELT	
8. ágúst	11 sæti	frá kr. 23.990
15. ágúst	örfá sæti - 2 vikur	frá kr. 54.990
22. ágúst	nokkur sæti	frá kr. 39.990

## Króatía - síðustu sætin

12. ágúst	UPPSELT	
19. ágúst	örfá sæti	frá kr. 39.990
26. ágúst	örfá sæti	frá kr. 39.990

## Alicante - Benidorm - síðustu sætin

2. ágúst	UPPSELT	
9. ágúst	9 sæti	frá kr. 14.990
16. ágúst	19 sæti	frá kr. 14.990
23. ágúst	nokkur sæti	frá kr. 39.990
30. ágúst	nokkur sæti	frá kr. 39.990

## Barcelona - síðustu sætin

3. ágúst	5 sæti - vikuférfé	frá kr. 49.990
10. ágúst	11 sæti - vikuférfé	frá kr. 49.990
17. ágúst	19 sæti - vikuférfé	frá kr. 49.990
24. ágúst	örfá sæti	frá kr. 34.090



Heimsferðir

Skógarhlöð 18 • sími 595 1000 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

## STUÐ MILLI STRÍÐA Mikilmennahúgur og eyrnakjams

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR PORIR VARLA AÐ STANDA Í RÖÐ LENGUR



Nú er fólk bara lamið fyrir að sitja ekki þegjandi undir því þegar aðrir troða sér fram fyrir þá í röð. Þetta er algjörlega nýr kapítuli í umræðunni um Íslendinga og raðir.

Hyða raðir? Það eru engar raðir á Íslandi.

Í djammheiminum er það til dæmis algjörlega tilgangslaust að fara í röð. Maður getur staðið í nokkra klukkutíma í röð án þess að mjakast áfram og á meðan streymir fólk meðfram röðinni í einhvers konar mikilmennahúgu. Og þó fólk leggist svo lágt að skella sér með í hrúguna er ekkert víst að það verði „valið“ til að fá að fara inn. Þetta

er ekki lengur spurning um að vera frekur, heldur hver er frekastur af þeim freku! Öllum er sama um alla aðra nema sjálfan sig. Ef maður er á endanum svo heppinn að ná inn með því að fara í heidarlegu röðina eftir að hafa horft á allt „mikilvæga fólk“ streyma inn þá hefur maður gengið í gegnum svo mikla niðurlægingu á síðustu tímum að það liggur við að maður gráti með ekka og þakki dyraverðinum fyrir með ástríðufullum kossi.

Bíoraðirnar eru líka eitthvað sem ég botna ekkert í. Ef maður hættir sér á nýja mynd og salurinn er ekki opnaður strax þá lendir maður nánast í slagsmálum þegar dyrnar opnast og troðningurinn hefst. Til þess að ná sér í góð sæti sko.

Fulloröð fólk gefandi olnbogaskot, popp út um allt og kóklaut fót. Hvar er herramennskan og dómulegheitin? Erum við svona mikill lýður og skrill að við getum ekki tekið því rólega og borið virðingu fyrir náunganum á svona stundum? Er það í ALVÖRUNNI svona mikilvægt að komast fyrstur inn á staði, vera afgreiddur fyrr en hinn eða ná sér í sæti? Það virðist aldrei gilda sú eðlilega regla að sá sem komi fyrst gangi fyrir.

Reyndar þegar ég spái í það ætti ég kannski ekkert að vera að kvarta yfir þessu. Ég mun allavega ekki þora það þegar ég er stödd í enn einni blóðugri röðinni, ég vil ekki hætta á að það verði bitið af mér eyrað!

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli




### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## Styrktartónleikar Para-Dís



**20.30** Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanóleikari heldur einleikstónleika í Listasafni Sigurjóns. Þetta eru fyrstu einleikstónleikar hennar hér á landi, að loknu námi við Tónlistarháskólann í Stuttgart. Á efnisskránni eru verk eftir Bach, Mozart, Debussy, Chopin, Schumann og Snorra Sigfús Birgisson. Miða má kaupa við innganginn.

Lokatónleikar verkefnisins „Tónaregn í Reykjavík“ fara fram í Dómkirkjunni annað kvöld. Hafdís Vigfúsdóttir og Kristján Karl Bragason mynda saman dúóíð Para-Dís, en þau hafa unnið að Tónaregni í Reykjavík á vegum Hins hússins í sumar. Því lýkur með tónleikum til styrktar minningarsjóði um Susie Rut Einarsdóttur, sem lést 18. júní síðastliðinn, 22 ára að aldri. Vinir hennar standa að stofnun sjóðsins, sem mun einkum styðja við verkefni sem stuðla að forvörnum gegn notkun fíkniefna meðal ungs fólks í áhættuhópum, eða verkefni til stuðnings þeim sem þegar hafa lent á braut fíkniefna en vilja snúa frá henni. Hafdís Vigfúsdóttir útskrifaðist með B. Mus-



**PARA-DÍS** Hafdís Vigfúsdóttir og Kristján Karl Bragason styrkja minningarsjóð um Susie Rut Einarsdóttur með tónleikum á morgun.

gráðu í flautuleik frá Listaháskóla Íslands vorið 2005. Frá hausti 2006 hefur hún stundað nám í Conservatoire National de Région de Reuil-Malmaison hjá Philippe Pierlot, sem er fyrsti flautuleikari í Orchestre National de France. Kristján Karl Bragason útskrifaðist úr píanónámi við Tónlistarskólann á Akureyri vorið 2002. Haustið 2005 hóf hann nám við Conservatoire Nationale de Région de Versailles hjá Eddu Erlendsdóttur, og stefnir á að ljúka þaðan DEM-gráðu vorið 2008.

Aðstandendur hvetja alla til að mæta og leggja málefnið lið. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 annað kvöld.



### >Ekki missa af...

...sýngu Birtu Guðjónsdóttur í Gallerí BOXI á Akureyri. Sýningin ber nafnið Speglasýningin (endurvörpun), og er unnin á þessu ári. Birta veltir fyrir sér speglun, skynjun og einföldun á sýningunni. Hún stendur yfir til 12. ágúst og er opin á laugardögum og sunnudögum frá 14 til 17.



**SÝNIR ÍSLENSKA LIST Í AUSTURRÍKI** Lioba Reddeker, sýningarstjóri listasafnsins Hangar-7 í Austurríki, er stödd hér á landi að velja listamenn á sýningu tileinkaða Íslandi.

## Safnplata á leiðinni

Hljómsveitin Sigur Rós gefur út safnplötuna Hvarf-Heim hinn 5. nóvember, sama dag og tónleikamynd sveitarinnar Heima kemur út. Plötunni verður skipt í tvo hluta. Á fyrri hlutanum, Hvarf, verða þrjú áður óútgefin lög sem nefnast Salka, Hljómalind og Í gær. Einnig verður þar endurhljóðblönduð útgáfa af laginu Von af plötunni Vonbrigði. Á síðari hluta safnplötunnar, Heim, verða sex lög í órafmögnum útgáfum. Heita þau Samskeyti, Starálfur, Vaka, Ágætis byrjun, Heysátan og Von.

„Við völdum lög sem voru í miklu uppáhaldi hjá okkur,“ sagði Orri Páll Dýrason trommari í spjalli við heimasíðu breska tónlistartímaritsins NME.

Tónleikamyndin var tekin upp víðs vegar um Ísland á síðasta ári, þar á meðal á Klambartúni og í Ásabyrgi, og er hennar beðið með



**SIGUR RÓS** Sigur Rós á tónleikum í Ólafsvík í fyrra. Safnplata frá sveitinni er væntanleg 5. nóvember. MYND/KÓÓ

mikilli eftirvæntingu. „Það var gaman að spila á þessum tónleikum, sérstaklega fyrir framan vini okkar,“ sagði Orri. „Stundum spiluðum við á stórum tónleikum en við spiluðum líka á litlum svæðum sem voru mjög falleg.“

## Íslensk sýning í Hangar-7

Listasafnið Hangar-7 í Austurríki setur í lok september upp sýningu tileinkaða íslenskum listamönnum. Sjö íslenskir listamenn verða valdir til að sýna þar. Mikill fjöldi fólks sækir sýningar þarna og er þetta því mikill fengur fyrir þá listamenn sem verða valdir.

„Ég er búin að taka ákvörðun um fjóra listamenn sem sýna hjá okkur í september. Það eru þeir Helgi Þorgils, Davíð Órn Halldórsson, Guðmundur Thoroddsen og Ragnar Kjartansson,“ segir Lioba Reddeker, aðalsýningarstjóri listagallerísins Hangar-7 í Austurríki, sem er stödd hér á landi til að skoða verk og hitta listamenn. „Ég mun velja þrjú aðra en það er ekki alveg komið á hreint enn hverjir þau verða.“

### Gróska í listasenumni

Lioba er afar hrifin af íslensku listasenumni og finnst hún sjá annað sjónarhorn í verkum listamanna hér en annars staðar sem hún hefur komið. „Það er ótrúlega mikið að gerast hérna miðað við fólksfæðina. Það hljómar eins og klisja en mér finnst afar merkilegt að sjá að flestir listamennirnir hér skapa

algerlega sinn eigin heim. Þeir taka inn það sem er að gerast en vinna svo úr því á afar persónulegan hátt. Þeir virðast líka ekki hafa neina þörf til að vera í andstöðu við listasöguna eða gamlar hefðir. Þeir taka bara það sem hentar þeim og hafna hinu áreynslulaust.“

Lioba segir það hafa verið ótrúlegt að koma inn á vinnustofuna hjá Helga Þorgils. Eins er hún hrifin af ungu listamönnum sem hún er búin að velja og hlakkar til að sjá hvað gerist í kjölfar sýningarinnar í Hangar-7.

### Óvenjulegt listasafn

Listasafnið Hangar-7 er gamalt flugskýli sem hefur verið breytt í lista- og flugvélasafn í mikilfenglegri glerbyggingu. Hangar-7 er ekki hefðbundið listasafn, það eru engir hvítir veggir eða ferköntuð rými og stór hluti fólksins sem heimsækir safnið er ekki að koma til að skoða listaverk heldur flugvélar eða til að borða á veitingastaðnum á safninu. „Helsta vanda máli nútímalistasafna er að fá fólk inn í söfnin því nútímalist er oft óaðgengileg fyrir almennig. Í Hangar-7 fáum við mikið af fólk sem fer almennt ekki á listasöfn. Það koma á milli tíu og tuttugu þúsund manns á hverja sýningu hjá okkur sem er mjög óvenjulegt.“

Lioba segir að reynt sé að skilja gestina ekki úti í kuldanum og allir



**ÓVENJULEGT LISTASAFN** í Hangar-7 eru engir hvítir veggir eða ferköntuð rými og mörg þúsund manns koma á allar sýningar þar.

gestirnir fá sýningarskrá í bókarformi þar sem öll verkin eru skýrð ítarlega og gerð aðgengilegri sem skili sér í auknum skilningi á nútímalist.

### Ísland í Hangar-7

Síðustu ár hafa verið haldnar sýningar í safninu þar sem einblínt hefur verið á eitt land og nú í september er röðin komin að Íslandi. Það er mikill fengur í því að sýna þarna því að sögn Liobu hafa sýningar þarna komið mörgum óþekktum listamönnum á kortið. „Margir listamenn sem hafa sýnt hér hafa selt það vel að bæði geta þeir lifað á því í einhvern tíma og stór gallerí þora að taka þá inn þegar þeir eru búnir að sýna fram á að verkin þeirra seljist. Við erum mjög ánægð þegar okkur tekst að hjálpa til við að fá boltann til að rúlla hjá listafólki,“ segir Lioba að lokum.

jara@frettabladid.is

**STÖRKOSTLEGASTA FJÓLSKYLDA ALLRA TÍMA LOKSINS Í BÍO!**

# THE SIMPSONS MOVIE

**11. HVER VINNUR!**

**HEIMSFRUMSÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI 27. JÚLÍ**

**SENDU SMS JA SMF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA**

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR, DVD MYNDR OG MARGT FLEIRA!

www.simpsons.com/ISLANDI

**Robert Rodriguez - leikstjóri Sin City kynnr...**

# PLANET TERROR

**16**

**FRUMSÝND 1. ÁGÚST 2007**

**Sendu SMS skeytið JA PTF á númerið 1900 og þú gætir unnið bíómiða fyrir tvo!**

Vinningar eru bíómiðar, DVD myndir og margt fleira!

www.planetterror.com

## > EDDIE KEMUR VÍÐA VIÐ

Gamanleikarinn Eddie Murphy hefur beðið nýja kærustu sína að giftast sér. Eddie reiddi fram gulan demantshring frá Cartier um helgina og Tracey Edmonds sagði já. Ekki er langt síðan Kryddpían Mel B. ól barn Eddies en þau höfðu ráðgert að gifta sig um næstu jól.



# fólk

folk@frettabladid.is

## Rob ráðleggur Lindsay

Margir hafa tjáð sig um mál Lindsayar Lohan að undanfögnu og er grínstinn Rob Schneider sá nýjasti og hefur hann afar sterkar skoðanir á málinu. „Þegar Dina Lohan hættir að djamma með dóttur sinni þá skal ég bera virðingu fyrir henni. Mér er samt algjörlega sama þótt báðir foreldrar hennar séu slæmir, hún getur ekki kennt þeim um endalaust,“ sagði Schneider blygðunarlaust. „Lindsay, taktu þér tak. Amerika mun fyrirgefa þér einhvern daginn en þú verður að gera eitthvað jákvætt við líf þitt. Ég vona



**ROB SCHNEIDER** Grínstinn hefur sterkar skoðanir og tjáir sig um mál Lindsay Lohan.



**LINDSAY LOHAN** Ýmsir hafa áhuga á að leggja leik- og söngkonunni ungu lífsreglurnar.

að henni muni ganga betur en það eru svo miklu stærri vandamál í heiminum en Lindsay Lohan. Ég vona að hún nái einhvern tíma sínum fallega haus út úr afturendanum og finni sér líf. Hún er mjög hæfileikarík og sérstök leikkona en það eru ótal margir þarna úti sem væru til í að skipta við hana og myndu nýta þetta tækifæri miklu betur,“ sagði Schneider og var ekkert að skafa af hlutunum. Áður hafa bæði Matt Damon og Martin Sheen tjáð sig um mál Lindsay en fóru þó báðir örllítið fínna í hlutina.

## Gefðu vatn



Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is



Í FYLGD MEÐ INGMAR Sigríður Pétursdóttir segir Bergman hafa fylgt sér lengi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Heillandi maður

Sigríður Pétursdóttir kvikmyndafræðingur segist halda að ævistarfar Bergmans verði enn mikilvægara með tímanum. „Ég held að það séu mjög fáir kvikmyndaleikstjórnar til í dag sem myndu ekki segja að Bergman hefði verið áhrifavaldur.“ Sigríður segir Bergman hafa fylgt sér frá unga aldri. „Ein af mínum fyrstu unglingsminningum er þegar ég var að stelast til að horfa á Þætti úr hjónabandi. Það þótti ekki mjög fínt að horfa á Ingmar Bergman þá, svo ég sagði vinum mínum ekki frá þessu,“ sagði hún og hló við. Þegar Sigríður fór í kvikmyndafræðinám til Svíþjóðar sá hún mikið af viðtölum við Bergman. „Hann var alltaf skemmtilegur og alveg ofboðslega heillandi maður,“ sagði Sigríður. - sun

## Ingmar Bergman er látinn

Sænski leikstjórinn og rithöfundurinn Ingmar Bergman lést á heimili sínu á eyjunni Faro í Svíþjóð í gærmorgun. Hann var 89 ára að aldri.

Bergman var þekktasta andlit sænskrar kvikmyndagerðar og leikhúslífs og dáður af kvikmyndagerðarfólki um heim allan. Hann var tilnefndur til nú Óskarsverðlauna, og unnu myndir hans þrisvar sinnum til verðlauna fyrir bestu erlendu kvikmyndina. Á meðal þekktustu mynda hans eru Sjöunda innsiglið, Fanny og Alexander og Vetraljós.


### Afkastamikill

Bergman fæddist í Uppsöllum árið 1918. Faðir hans var prestur, en móðir hans hjúkrunkona af yfirstétt. Bergman stundaði nám í bókmenntafræði við Háskólann í Stokkhólmi frá 1937-1940 en fékk fljótlega mikinn áhuga á leiklist, og síðar kvikmyndagerð. 1944 varð Bergman yngsti leikhústjóri Svíþjóðar, þegar hann tók við starfi í Borgarleikhúsi Helsingjaborgar. Sama ár var kvikmyndin Hets frumsýnd. Þar skrifaði Bergman fyrsta kvikmyndahandrit sitt, en Alf Sjöberg leikstýrði. Í febrúar 1945 leit Kris dagsins ljós, en það er fyrsta myndin sem Bergman leikstýrði. Á ferli sínum leikstýrði Bergman yfir fjórútu kvikmyndum og fjölda sjónvarpsmynda og leikuppsetninga, auk þess að skrifa handrit og bækur.

Af öllum kvikmyndum sínum var Bergman sjálfur ánægðastur með Vetraljós, Persona og Cries and Whispers, þó að hann segði í viðtali árið 2004 að hann gæti ekki lengur horft á myndir sínar og yrði „þunglyndur“ af því.

### Þjóðarsorg

Svíar syrgðu Bergman í gær og heiðruðu minningu helsta frömuðar kvikmyndagerðar þar í landi. Forsætisráðherra Fredrik Reinfeldt skrifaði í gær að það væri erfitt að fá yfirsýn yfir gifurlegt framlag hans til sænskrar, og erlendra, kvikmyndagerðarlistar. „Verk hans eru ódauðleg,“ skrifaði Reinfeldt, sem sagðist jafnframt vona að arfleifð Bergmans myndi halda áfram að dafna. Woody Allen syrgði jafnframt vin sinn, en hann hefur margt sagt Bergman vera mikla fyrirmynd. „Hann er væntanlega merkilegasti kvikmyndagerðarmaðurinn, í öllum flokkum, síðan að



### DÁÐUR UM HEIM ALLAN

Ævistarfar Ingmars Bergman hefur heillað ófáa listamenn og leikmenn um heim allan. Leikstjórans var minnst víða um veröld í gær og Svíar syrgðu samlanda sinn ákaf-



lega. Hér sést Bergman við vinnu sína, heima á Faro með síðustu eiginkonu sinni, Ingrid von Rosen, og í félagsskap leikkvonna úr kvikmyndum hans.

myndavélin var fundin upp,“ sagði Allen um Bergman, í tilefni af sjöttíu ára afmæli Bergmans árið 1988.

sunna@frettabladid.is

## Bergman sér á báti

Hrafn Gunnlaugsson leikstjóri var vel kunnugur Ingmar Bergman. Kynni þeirra hófust þegar Hrafn tók við hann viðtal fyrir íslenska sjónvarpið, og seinna meir dvaldist Hrafn hjá Bergman á Faro. „Ég á það eiginlega honum að þakka að Hrafninn flýgur var uppgötvuð erlendis, eftir að hann ótilkvaddur, og án þess að þekkja nokkuð til mín, hafði tjáð sig um myndina við sænsku pressuna,“ sagði Hrafn.

Hann segir Bergman hafa verið sérstakan mann; alvöruglefinn en um leið mikinn hómorista. „Hann var mjög agaður og vandaði mikið

til alls sem hann gerði. Hann agaði sænska kvikmyndagerð þannig að Svíar eru stórveldi í kvikmyndagerðarheiminum í dag,“ sagði Hrafn.

Vægi ævistarfar Bergmans nær þó langt út fyrir Svíþjóð að hans mati. „Á meðan kvikmyndir eru búnar til og þetta listform er við lýði, þá mun Bergman standa einn og sér. Hann er eins og James Joyce eða Marcel Proust eru í prósanum. Það getur enginn unnið heill í sínu fagi nema að þekkja hann,“ bætti hann við.

- sun



Á BERGMAN MARGT AÐ ÞAKKA Hrafn Gunnlaugsson segist eiga Bergman margt að þakka, en honum og Bergman varð vel til vana.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

THE SIMPSONS STÓRKOSTLEGASTA FJÓLSKYLDA ALLRA TÍMA LOKSINS Í BÍÓ!

# MOVIE

11. HVER VINNUR!

SMS LEIKUR

HEIMSFRUMSÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI 27. JÚLÍ

SENDU SMS JA SMF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR, DVD MYNDR OG MARGT FLÉIRA!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb 99 kr/skeytið.

QUENTIN TARANTINO **GRINDHOUSE** ROBERT RODRIGUEZ

ROSE MCGOWAN BRUCE WILLIS FERGIE

*Robert Rodriguez -  
leikstjóri Sin City kynnir...*



# PLANET TERROR



**FRUMSÝND 1. ÁGÚST 2007**

Sendu SMS skeytið **JA PTV**  
á númerið **1900** og þú gætir unnið  
bíómiða fyrir tvo!

Vinningar eru bíómiðar, DVD myndir og margt fl.!

**9**  
HVER  
VINNUR

**16**

**NÝTT Í BÍÓ!**

**THE SIMPSONS** "ÞÚ HLÆRD ÞIG MÁTTLAUSANI!" - SEE HALLT, TODAY

**MOVIE**

★★★★★ - Ó.H.T. - RÁS 2

★★★★★ "FRÁBÆR MYND FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA, UNGA SEM ALDNA" - A.M.G. - SÉÐ OG HEYRT

★★★★★ ROGER EBERT

★★★★★ STEFÁN BIRGIR STEFÁNSSON

**midí.is** **LOKSINS KOMIN Í BÍÓ!** **LÚXUS**

<b>SMÁRRÁ BÍÓ</b> Sími 564 0000	<b>REGNBÖGINN</b> Sími 551 9000
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL kl. 4-6-8-10	THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL kl. 6:30-8-10-10:30
THE SIMPSONS MOVIE LÚXUS kl. 4-6-8-10	DEATH PROOF kl. 5:20-8-10-10:40 <b>16</b>
THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL kl. 4-6-8-10	TAXI 4 kl. 8-10 <b>14</b>
EVAN ALMIGHTY kl. 4-6-8-10	DIE HARD 4.0 kl. 5:20-8-10-10:40 <b>14</b>
DIE HARD 4.0 kl. 5-8-10:45 <b>14</b>	FANTASTIC FOUR 2 kl. 5:45

**450 kr. í bíót!**

<b>HASKOLABÍÓ</b> Sími 530 1919	<b>LAUGARÁSBÍÓ</b> Sími 462 3500
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL kl. 6-8-10	THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL kl. 6-8-10
THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL kl. 6	THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL kl. 6-8
DEATH PROOF kl. 10:15 <b>16</b>	DEATH PROOF kl. 10 <b>16</b>
1408 kl. 8 <b>16</b>	

MIDASALA Á **midí.is**

**SAMBÍÓINN** www.SAMBio.is ☎ 575 8900 **midí.is**

**Georgia Rule**

**Harry Potter**

**EVAN ALMIGHTY**

<b>ÁLFABAKKA</b>			
GEORGIA RULES kl. 3-5:30-8-10:30	7	BLIND DATING kl. 8	10
HARRY POTTER 5 kl. 2-4-5-7-8-10	10	SHREK 3 M/- ISL. TAL kl. 2-4-6	L
HARRY POTTER 5 kl. 2-5-8	DIGITAL 10	SHREK 3 M/- ENSKU TAL kl. 8-10:10	L
HARRY POTTER 5 kl. 2-5-8	VIP 10	OCEAN'S 13 kl. 10:10	7
EVAN ALMIGHTY kl. 2-4-6	L		
<b>AKUREYRI</b>			
GEORGIA RULES kl. 8-10:20	7		
HARRY POTTER 5 kl. 6-9	10		
SHREK 3 M/- ISL. TAL kl. 6	L		
<b>KEFLAVÍK</b>			
THE SIMPSONS ENSKT TAL kl. 6-8-10	L		
HARRY POTTER 5 kl. 8	10		
SHREK 3 M/- ISL. TAL kl. 6	L		

**VIP SALURINN ER BARA LÚXUS**

**Nýtt í bíó** Sími: 553 2075 - bara lúxus

**LAUGARÁSBÍÓ**

**THE SIMPSONS MOVIE**

**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

SIMPSONS enskt tal kl. 4, 6, 8 og 10	L
SIMPSONS íslenskt tal kl. 4 og 6	L
DEATH PROOF kl. 7:30 og 10	16
1408 kl. 8 og 10	16
SHREK 3 íslenskt tal kl. 4 og 5:45	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á **midí.is**

# Baríst gegn nauðgunum

Baráttutónleikar verða haldnir á Grand rokki á morgun en það er Karlahópur Feministafélags Íslands sem stendur fyrir herlegheitunum.

Hópurinn hefur síðustu fjögur sumur staðið fyrir áttakinu „Karlmennt segja NEI við nauðgunum“ og hefur verið lögð mikil áhersla á átakið í kringum verslunarmannahelgina. „Það hefur verið ýmislegt í gangi hjá okkur í sumar og við ákváðum að halda þessa tónleika til að hefja átakið með hvelli,“ segir Hjálmar G. Sigmarsson í Karlahópi Feministafélagsins. „Tónleikana köllum við „Nei við nauðgunum“ og eru þeir haldnir í samstarfi við V-dagssamtökin og Jafningjafæðsluna. Á fimmtudag og föstudag verðum við hér og þar á höfuðborgarsvæðinu að dreifa bæklingum, barmmerkjum, bolum og að ræða við gangandi vegfarndur en um helgina verðum við í Eyjum og á Akureyri. Aðalmarkmiðið er að hvetja karlmenn til að taka virkan þátt í þessari umræðu



**SPRENGJUHÖLLIN** Margir spennandi tónlistarmenn stíga á svið á morgun og er hljómsveitin Sprengjuhöllin þeirra á meðal.



**NEI VIÐ NAUÐGUNUM** Karlahópur Feministafélagsins hefur staðið fyrir áttakinu síðastliðin fjögur sumur og í þetta sinn hefst átakið með hressilegum tónleikum á Grand rokki.

og fá þá til að velta því fyrir sér hvernig með vitundarbreytingu er hægt að koma í veg fyrir nauðganir. Einnig leggjum við áherslu á það hversu mikilvægt er að draga ábyrgðina frá konum.“

Að mati Hjálmars hefur átakið borið árangur og finnur hann mun á viðbrögðum fólks nú og fyrir fjórum árum. „Við erum farnir að finna fyrir mun meiri stuðningi. Fólk er farið að átta sig á mikilvægi átaksins og er duglegt að hvetja okkur áfram. Einnig höfum við fengið nýja sjálfbodaliða inn í hópinn og er það mjög gott að ungir karlmenn sýni þessu áhuga.

Það sýnir að þetta er gjörlegt, það er hægt að breyta því umhverfi sem hefur ríkt í tengslum við nauðganir en það er mikilvægt að endurtaka skilaboðin reglulega.“

Það eru hljómsveitirnar og tónlistarmennirnir Sprengjuhöllin, Lay Low, Wulfgang, Ólöf Arnalds, B.Sig, Pétur Ben, Byssupiss, Dikta og Þórir sem leika fyrir gesti á Grand rokki á morgun. Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum sem hefjast klukkan átta en fólk er hvatt til að láta af hendi frjáls framlög sem renna öll til styrktar Stígamótum.

hilda@frettabladid.is

# Framúrskarandi Frágangur

Frágangur er fyrsta plata Megasar með nýju efni síðan Far þinn veg kom út árið 2001 ef frá er talin Megasukk platan Hús datt sem kom út fyrir tveimur árum. Megas hefur verið áberandi í útgáfu síðustu ára aðallega vegna endurútgáfu á fyrstu 13 plötunum hans og útgáfu á áður óutkomnu tónleikaefni, en nú er sem sagt loksins kominn alvöru ný Megasarplata.

Frágangur hefur að geyma 12 lög, tekinn upp með Senupjófnum sem eru í grunninn hljómsveitin Hjálmar (Sigurður Guðmundsson, Nils Olof Törnqvist, Mikael Svensson og Guðmundur Kristinn Jónsson) og Guðmundur Pétursson gítarleikari. Auk þeirra koma við sögu í einstaka lögum þau Sigríður Thorlacius söngkona, Vala Gestsdóttir víóluleikari, Maja Landin klarinettuleikari og Eiríkur Orri Ólafsson trompetleikari.

Það fyrsta sem maður tekur eftir þegar maður setur Frágang í spilarann er hvað það er margt sem minnir á meistaraverk Megasar frá áttunda áratugnum. Þegar betur er hlustað verður manni ljóst að þetta getur ekki verið tilviljun, – hljómurinn og útsetningarnar sækja mikið í Millilendingu, Fram og aftur blindgötuna og sérstaklega Á bleikum náttkjólum og sums staðar er beinlínis vísað í ákveðin lög. Kvenröddin í M-nótt minnir t.d. á Diddú í Útumholtgólublás og trommuleikurinn í byrjun Freyjufárs minnir á Paradisarfuglinn. Útsetningarnar eru hljómfagar og poppaðar, pianó og orgelíð eru áberandi. Hér er ekki verið að reyna að brjóta blað tónlistarlega eins og stundum áður (t.d. á Höfuðlausnum og Far þinn veg). Það

er einfaldlega verið að setja þessi lög Megasar í poppbúning sem virkar. Án tilgerðar.

Lagasmíðarnar á Frágangi eru allar skotheldar og textarnir eru skemmtilegir en þeir hafa verið hjá Megasi í nokkurn tíma. Það er greinilegt að margir þeirra eru nýlegir; – í M-nótt fer Megas á flug með Silvíu Nótt og Niður með náttúrana er innlegg í stóriðju- og virkjanaumræðuna. Það síðarnefnda sýnir að Megas kann enn þá að ögra þó að hann passi að hafa textann nógu opinn til þess að hann verði ekki nappaður fyrir einhverja óhæfu. Það er líka skemmtileg „dirty old man“ stemning yfir plötunni sem er hvergi skýrari en í laginu Gott er að elska. Þar snýr Megas rómantískri tryggðarást Bubba í laginu Það er gott að elska upp í andhverfu sína – skefjalaust lauslæti, og dundar sér við að hugsa upp ný og ný tilbrögdi við stefið: „Sveitt að fara uppá seljur eins og þig/ klassi að taka aftan kvensur eins og þig/það virkar svo kúl og eitt-hvað krassandi á mig/það er gott að láta totta gæru eins og þig“...

Eitt af því sem skiptir miklu máli á Megasarplötum er söngurinn og eins og annað er hann frábær á Frágangi, t.d. í fyrirnefnda Gott er að elska (Minnst tíu milljón) Flóabitanótt, Heill, M-nótt og Uppskeruhátíð. Það er unun að hlusta á það hvernig Megas skælir og teygir röddina til að ná hárréttum áherslum.

Framtíðin verður að skera úr um það hvort einhver laganna á Frágangi verða klassísk og komast í úrval bestu laga Megasar. Mörg þeirra hafa alla burði til þess, t.d. Gott er að elska, Niður



**TÓNLIST**  
**Frágangur**  
Megas og Senupjófarnir  
★★★★★

Frágangur staðfestir enn einu sinni yfirburði Megasar í íslenski poppsögu. Það er horft til baka í útsetningunum, hljómurinn er finn og textar, lög og söngur Megasar eru framúrskarandi. Ein af bestu plötum Megasar.

með náttúrana, Heill og Uppskeruhátíð. Karlinn er greinilega í miklu ham því að Frágangur er aðeins fyrri plata hans af tveimur sem væntanlegar eru á árinu.

Á heildina lítið er Frágangur frábær plata. Ein af bestu plötum Megasar. Textarnir eru kannski ekki eins jafngóðir og á hans fyrstu plötum og sumum kann að þykja farið full langt í að stæla gömlu Megasarplötunni á stöku stað, en hvort tveggja eru smáatriði sem skemma ekki plötu sem sannar enn eina ferðina að Megas er yfirburðamaður í íslenski poppsögu.

Trausti Júlíusson



**Nýjar  
vörur  
á útsölu**

**Útsala**

**40%**  
afsláttur

**NEXT**

sími 511 3200

## > Sjöunda skiptið

Teitur Þórðarson er sjöundi þjálfari KR í tíu liða efstu deild (frá 1977) sem klárar ekki tímabil með liðið. Magnús Jónatansson (10 leikir 1980), Manfred Steves (13 leikir 1981), Ivan Sochor (13 leikir 1993), Lúkas Kostic (5 leikir 1997) og Magnús Gylfason (12 leikir 2005) voru allir reknir úr starfi en Pétur Pétursson sagði sjálfur upp störfum eftir 7 leiki árið 2001. Það eru aðeins rétt rúm tvö ár síðan Magnús Gylfason var rekinn en KR var þá með 13 stig eftir 12 leiki og sat í 6. sæti deildarinnar. Í dag er KR aðeins með 7 stig út úr 11 leikjum og situr í botnsætinu.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## JÓNAS KRISTINSSON, FORMAÐUR KR-SPORTS: POLINMÆÐIN VAR Á ÞROTUM

# Gátum ekki beðið lengur eftir neistanum

Aðdragandinn að brotthvarfi Teits Þórðarsonar frá KR í gær var skammur og gerðust hlutirnir hratt í Frostaskjólínu í gær. Stjórn KR-sports kom saman um morguninn og á skjótum fundi var formanninum Jónasi Kristinssyni veitt umboð til að ræða við Loga Ólafsson um að taka við liðinu út sumarið. „Ég kom að máli við hann og spurði hvort hann hefði áhuga á starfinu. Hann sagði já,“ sagði Jónas við Fréttablaðið í gær. Í framhaldinu var Teitur boðaður á fund þar sem stjórnin tilkynnti honum ákvörðun sína. Spurður um af hverju þessi ákvörðun hafi verið tekin nú en ekki fyrir í sumar segir Jónas að þolinmæðin hafi verið á þrotum. „Við höfðum fulla trú á að neistinn myndi koma á endanum en því miður hefur það ekki gerst. Stjórnin fann sig því knúna til að gera þessar breytingar á þessum

tímapunkti,“ útskýrði Jónas og ítrekaði að niðurstaðan væri fengin með fullri sátt allra aðila. „Þetta er mjög erfitt því Teitur hefur unnið frábært starf fyrir félagið og verið hugmyndasmiðurinn í kringum akademíuna sem við munum að sjálfsögðu halda áfram með.“ Jónas segir gengi KR í sumar hafa valdið miklum vonbrigðum. „Við höfum beðið eftir því í allt sumar að þessi hópur næði að sýna sitt rétta andlit. Við teljum okkur vera með sterkasta leikmannahóp

landsins, einstaklinga sem eiga að geta myndað besta lið landsins. En það vantaði eitthvað í umhverfið til að rífa þetta upp,“ segir Jónas sem hefur fulla trú á að Logi sé rétti maðurinn til að kveikja neistanum. „Við erum að fá til okkar mjög hæfan þjálfara sem hefur verið í fríi í smá tíma og því hungraðri en nokkru sinni. Við erum sannfærðir um að hann nái að rífa liðið í gang,“ segir Jónas.

Þrátt fyrir vonda stöðu liðsins, eitt og yfirgefið á botni Landsbankadeildarinnar þegar sjö leikir eru eftir, segist Jónas aldrei hafa haft áhyggjur af falli niður í 1. deild. „Og við ætlum okkur ekki þangað,“ bætti hann við.



**SEX MÖRK** Margrét Lára fagnar hér einu sex marka sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Landsbankadeild kvenna: Stórsigur Vals

**FÓTBOLTI** Valur vann 10-0 sigur á ÍR í Landsbankadeild kvenna í gær en leikurinn var færður fram vegna þátttöku Valskvenna í Evrópukeppninni í ágúst.

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði sex marka Vals þar af tvö þeirra út vítaspjrnunum, varamaðurinn Guðný Björk Óðinsdóttir skoraði tvö mörk með mínútu millibili og þær Dóra María Lárusdóttir og Vanja Stefanovic gerðu hvor sitt markið. - óó

Arnór Guðjohnsen er kominn út til London:

# Eiður Smári hefur áhuga á West Ham

**FÓTBOLTI** Arnór Guðjohnsen, umboðsmaður og faðir Eiðs Smára Guðjohnsen, sagði í viðtali við Sky Sports í gær að Eiður Smári Guðjohnsen hefði áhuga á að fara til West Ham.

Framtíð Eiðs Smára hjá félaginu hefur verið mikið í umræðunni síðan að Thierry Henry kom til félagsins í sumar.

„Ég hef heyrt um áhuga West Ham en þeir hafa ekki sett sig í samband við mig. Eiður myndi skoða tilboð frá West Ham enda eru Íslendingar fyrir hjá félaginu,“ sagði Arnór í viðtalinu en



**TIL WEST HAM?** Eiður Smári Guðjohnsen. NORDICPHOTOS/AFP

hann segir að Eiður sé að skoða framtíð sína. „Eiður einbeitt sér nú að því að ná sér góðum af meiðslunum og hann mun ekki taka neina skyndi-ákvörðun um framtíð sína. Við munum skoða vel alla möguleika í stöðunni,“ sagði Arnór við Sky.

Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, vildi ekkert tjá sig um málið í gær og ekki náðist í Arnór sjálfan en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fór hann út til London í gær. - óó



**MÆTTUR TIL STARFA** Logi Ólafsson stýrði sinni fyrstu æfingu með KR í Frostaskjólínu í gær. Sigursteinn Gíslason, honum á hægri hönd, verður áfram aðstoðarþjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Súrt að fá ekki að klára verkið

Teitur Þórðarson var um hádegisbilið í gær rekinn úr starfi sínu sem þjálfari KR. Við starfi hans tekur Logi Ólafsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari.

**FÓTBOLTI** Stjórn KR-Sport, rekstrarfélags meistaraflokks KR í knattspyrnu, ákvað á fundi sínum í gærmorgun að víkja Teiti Þórðarsyni úr starfi sem þjálfari liðsins. Teitur skrifaði undir fimm ára samning við KR í september árið 2005 og segist ósáttur með að hafa ekki fengið að klára það verk sem honum var ætlað.

„Eðlilega er ég svekkur. Við unnum samkvæmt fimm ára áætlun og vorum komnir tvö skref áfram í því ferli. Ég er þannig gerður að ég vil klára það sem ég byrja á þannig að auðvitað er súrt að þetta skuli vera niðurstaðan,“ segir Teitur en tekur fram að hann beri engan kala til ráðamanna KR. „Mér hefur liðið vel hjá félaginu og vona innilega að liðinu gangi sem best í þeim leikjum sem eftir eru,“ segir hann.

Miklar vonir voru bundnar við komu Teits í Frostaskjólíð og voru honum ætlaðir stórir hlutir, bæði með meistaraflokk liðsins sem og knattspyrnuþjálfun innan félagsins í heild sinni. Sérstök knattspyrnuakademía fyrir efnilegustu leikmenn félagsins var sett á laggrinnar í því sambandi og var hugsunin að láta KR feta áður óþekktar slóðir í íslenski knattspyrnu sem mætti að mörgu leyti líkja við það sem tíðkast erlendis. Þær áætlanir hafa ekkert breyst, þrátt fyrir brotthvarf Teits úr stól skólustjóra nú.



**KÁTUR** Logi Ólafsson var brosmildur á fyrstu æfingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**KVADDI STRÁKANA** Teitur Þórðarson segir það vonbrigði að hafa ekki náð að klára það verk sem hann var hafinn á. Hann lét það þó ekki aftra sér frá því að mæta í Frostaskjólíð og kveðja sína samstarfsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Teitur segist hafa fundið fyrir fullum stuðningi stjórnar félagsins í sumar þrátt fyrir dapurt gengi liðsins. KR er neðst í Landsbankadeildinni með sjö stig eftir 11 leiki og hefur aðeins unnið einn leik á tímabilinu. „Stærstu vonbrigðin í þessu öllu saman eru að liðinu hefur ekki gengið betur. Ég er ábyrgur fyrir árangri liðsins og árangurinn hefur ekki verið góður. Því er þetta niðurstaðan.“

Teitur var mættur í Frostaskjólíð í gærkvöldi og fylgdist með sínum fyrri lærisveinum á fyrstu æfingu nýja þjálfarans. Teitur fór meðal annars inn í búningasklefa fyrir æfingu og kvaddi leikmenn og þakkaði þeim fyrir samstarfið. Að svo búnu fóru þeir út á sína fyrstu æfingu hjá Loga Ólafssyni.

Andrúmsloftið í KR-heimilinu var tregablandið þegar Teitur kvaddi sína nánustu samstarfsmenn og greinilegt að hann er vel liðinn á meðal þeirra sem starfa í KR-heimilinu. Hann segir óvíst hvað taki við hjá sér. „Etlí ég byrji ekki á að taka mér gott sumarfrí, sem ég hef ekki gert í nokkur ár. Ég hef ekki séð Ísland í 30 ár þannig að ég þarf ekki einu sinni að fara til Kanaríeyja.“ - víg



## Skátar ungir sem aldnir

Endurnýjum skátaheitið á Sólrísudegi, kl 8:00 í fyrramálið.

Í tilefni þess að 1. ágúst 2007 eru 100 ár liðin frá upphafi skátahreyfingarinnar munu skátar um allan heim endurnýja skátaheitið kl. 8:00 að morgni í sínu landi, við dögum nýrrar aldar í skátastarfi.

Þetta getur hver skáti gert hvar sem hann er staddur á þessum tíma.

Opið hús verður í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123 í Reykjavík, frá kl. 06:30 og þar verður skátaheitið endurnýjað kl. 08:00 undir stjórn skátahöfðingja og horft verður á dagskrá frá Brownsea eyju í Englandi.

### Skátaheitið

Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess að gera skyldu mína við guð og ættjörðina, að hjálpa öðrum og að halda skátalögin.



# SÉRFÞÚ MIUNNINGIN Á ÞESSUM SÍMUM?



Farsímalagerinn.is

**> Kim Basinger**

Kim var einstaklega feimið barn og var send í ballett á unga aldri til að yfirstíga vandamálið. Hún hóf fyrirsætuferil 16 ára gömul þegar hún vann fegurðarsamkeppni í heimabæ sínum og í framhaldinu sigraði hún keppnina Miss Georgia. Þá tók hún þátt í landskeppninni í New York og var boðinn samningur við Ford-fyrirsætuskristofuna. Tvítug að aldri var Kim orðin ofurfyrirsæta með 100.000 krónur í laun á dag. Kim leikur í Blind Date á Stöð 2 Bíó kl. 16.05.



# dagskrá


**VIÐ TÆKIÐ JARPRÚÐUR KARLDÓTTIR SPÁIR Í OFBELDI OG HUNDAKÖKUBÚÐIR**

## Smá ofbeldi fyrir háttinn

Eins og aðrir af minni kynslóð ólst ég upp við að horfa á morðgátur eins og Taggart og Derrick á kvöldin. Ég held raunar að Derrick sé persónulega ábyrgur fyrir þýskukunnáttu minni en það er önnur saga.

Á hverju kvöldi voru einn eða fleiri drepnir og í kjölfarið tók við mikil leit að morðingjanum. Mamma sat oft og þrjónaði og spurði af og til hvað væri að gerast og pabbi svaraði henni með rentu.

Ég hugsaði aldrei mikið um þetta fyrr en ég varð ólétt og gat allt í einu ekki horft á neitt sem innihélt þó ekki væri nema eitt kjaftshögg. Ekki séns. Upphaldspátturinn minn var um lýtalækni frá LA sem hafði snúið sér að góðgerðalækningum og pabba hennar sem læknaði veika hunda.



krakkar? Kannski velta okkur upp úr sora mannlífsins og horfa á nokkur morð? Bara hugmynd." Svo fær maður sér auðvitað popp með því. Annars veit ég ekki. Kannski þarf ég bara að þrjóna meira.

**EKKI MISSA AF**


**20.05 Mæðgurnar** SJÓNVARPIÐ



**21.35 The Shield** STÖÐ 2



**18.00 Shrek 2** STÖÐ 2 BÍÓ



**20.10 The George Lopez Show** SIRKUS



**21.00 Design Star** SKJÁREINN

**SJÓNVARPIÐ**

- 16.35 Út og suður (9:16)
- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Geirharður bojng bojng (7:26)
- 18.22 Sögurnar hennar Sölu (5:13)
- 18.30 Váboði (7:13)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Mæðgurnar (2:22)
- 20.50 Lithvörf (9:12) Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Að þessu sinni er rætt við Hauk Halldórsson teiknara með meiru. Dagskrárgerð: Jón Axel Egiðsson. e.
- 20.55 Á flakki um Norðurlönd (7:8) (Pá luffen Norden) Í þessum þætti fara þau Joakim og Sonja um Norður-Noreg.
- 21.25 Danskir nýbúar - Zofia Grzywacs (Nye danskere: Zofia Grzywacs) Danskur þáttur um pólskan lækni sem fluttist til Danmerkur og hvernig henni gengur að laga sig að breyttum aðstæðum.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Dauðir rísa (1:12) (Waking the Dead IV) Breskur sakamálaflakur um Peter Boyd og félag hans í þeirri deild lögregluunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Þættirnir hafa unnið til Emyverðlauna sem besta leikna sjónvarps-efnið. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 23.20 Soprano-fjölskyldan (1:12) e
- 00.15 Kastljós
- 00.45 Dagskrárlök

**BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ**

- 06.00 Shaolin Soccer
- 08.00 Mrs. Doubtfire
- 10.05 Blind Date (e)
- 12.00 Shrek 2
- 14.00 Mrs. Doubtfire
- 16.05 Blind Date (e)
- 18.00 Shrek 2 Shrek og vinur hans Asni eru mættir á ný í mynd númer tvö. Shrek og Fiona eru búin að gifta sig og búa saman í mikilli hamingju í fenjakofa Shreks.
- 20.00 Shaolin Soccer
- 22.00 Den Osynlige
- 00.00 The Matrix Revolutions
- 02.05 State Property
- 04.00 Den Osynlige



- 07.00 Stubbarnir
- 07.25 Kalli á þakinu
- 07.50 Litlu Tommi og Jenni
- 08.10 Oprah
- 08.55 Í finu formi 2005
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Forboðin feður (102.114)
- 10.15 Grey's Anatomy (25.25)
- 11.00 Fresh Prince of Bel Air (23.24)
- 11.25 Sjálfstætt fólk
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Nágrannar
- 13.10 Homefront (5.18)
- 13.55 Studio 60 (7.22)
- 14.45 Whose Line Is it Anyway? 4
- 15.20 According to Bex (7.8)
- 15.50 Tíburasystemar (8.22)
- 16.15 Batman
- 16.40 Shin Chan
- 17.03 Kalli litli kanína og vinir
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Nágrannar
- 18.18 Ísland í dag og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð
- 19.40 Simpsons (14.21)
- 20.05 Extreme Makeover. Home Edition (8.32) Goodale fjölskyldan býr í ísköldu húsi sem er að hrúni komið. Það er að segja þar til Ty og félagar mæta og svæðið og byggja handa þeim glæsilegt timburhús sem rúmar alla fjölskylduna og áhugamál þeirra. 2006.
- 20.50 Las Vegas (15.17) Óvænt dauðsfall setur starfið á Montecito spilavítinu úr skorðum en starfsmannalautarferðin er þó enn á dagskránni. 2006.
- 21.35 The Shield (8.10) Samband Shanes við mafíuna verður stöðugt hættulegra. 2006. Stranglega bönnuð börnum.
- 22.20 The Unit (11.23)
- 23.05 The Riches (9.13)
- 23.55 Ghost Whisperer (23.44)
- 00.40 Hustle (1.6)
- 01.30 Carandiru
- 04.00 Hotel Babylon (4.8)
- 04.55 Simpsons (14.21)
- 05.20 Fréttir og Ísland í dag
- 06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

**SIRKUS TV**

- 18.00 Insider
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.40 Entertainment Tonight
- 20.10 The George Lopez Show (1.22) George Lopez er fjölskylduaför sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. Börnin eru þau ekki eina vandamálið því hans er stöðugt í heimsókn og oftast við það að gera hann vitlausann. 2005.
- 20.40 Kitchen Confidential (11.13) Gamanþættir um Jack Bourdain var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina viltta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Einn daginn fær hann upp úr þurru tilboð og er boðinn staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York.
- 21.10 Young Blades (13.13) Spennandi þáttaröð þar sem söguviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn illum öflum.
- 22.00 Men In Trees (7.17) Bráðkemmtileg ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Heche leikur sambandsérfræðing sem kemst að því að unnustinn hefur haldið framhjá henni. Hún ákveður að setjast að í smábæ í Alaska þar sem karlmennirnir eru 10 sinnum fleiri en konur. (7.17) Systir Marin birtist skyndilega í smábænum en sú hefur alltaf verið karlað. Þetta er auðvitað draumabærinn fyrir einhleypar konur og hún fer því strax að líta í kringum sig.
- 22.45 Pirate Master (9.14) Hörkuspennandi raunveruleikabáttur á anda Survivor sem gerist um borð í alvöru sjóræningjaskipi. Keppendum er engin miskunn sýnd en þeir þurfa að leysa þrautir og gátur á sjó og landi til að koma í veg fyrir að verða sendir burt.
- 23.30 True Hollywood Stories (7.8) (e)
- 00.15 Filthy Rich Cattle Drive (2.8) (e)
- 01.00 Entertainment Tonight (e)
- 01.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

**SJÓNVARP NORÐURLANDS**

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

**OMEGA**

Dagskrá allan sólarhringinn.

**SKJÁREINN**

- 07.35 Everybody Loves Raymond (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 16.15 Vörutorg
- 17.15 On the Lot (e)
- 18.15 Dr. Phil
- 19.00 Everybody Loves Raymond (e)
- 19.30 Póstkort frá Arne Aarhus (e)
- 20.00 All of Us (17.22) Fjölmíðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
- 20.30 How Clean is Your House? (9.13) Bresku heinlætisdívurnar Kim Woodburn og Aggie MacKenzie þefa uppi subbuleg heimili og taka til hendinni. Þessar bresku kjarnakonur skúra, skrúbbu og böna auk þess sem þær gefa söðunum góð ráð. Þriggja hæða húsbátur er að drukkna í drasli en Kim og Aggie koma til bjargar áður en skipið sekkur.
- 21.00 Design Star (8.10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Það er komið að úrslitastundinni. Keppendumir tíu sem hófu leikinn koma saman á ný og sigurvegarinn er krýndur.
- 22.00 Angela's Eyes (10.13) Bandarísk þáttaröð um konu sem les í lygar fólks og er besti lygamælir bandarísku alríkislögregluunnar. Angela rannsakar morð á lögreglu-manni og grunar að hann hafi haft ýmislegt gruggugt í pokahöminu.
- 22.50 Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur. Ray fær sjokk þegar hann kemst af því að börnunum þykir hann vera hálfgerður auli. Er hann fer að líta til baka og hugsa um eigin barn-æsku rifjast það upp fyrir honum að Marie gerði fátt annað en að kvarta yfir Frank fyrir framan hann - sem gerði það að verkum að honum þótti pabbi sinn vera óttalegur aumingi. Til að koma í veg fyrir að krakkarnir hugsa um hann á sama hátt og hann hugsaði um pabba sinn fer Ray í aðgerðir til þess að reyna að ná krökkunum á sitt band.
- 23.15 Jay Leno
- 00.05 Runaway (e)
- 01.00 Sex, love and secrets (e)
- 01.50 Vörutorg
- 02.50 Óstöðvandi tónlist

# SÝN 2 BYRJAR 4. ÁGÚST

## ÓDÝRARA Á NETINU

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum.

**STÓRLEIKIR Í ÁGÚST**

- 5. ágúst Chelsea – Manchester United
- 19. ágúst Liverpool – Chelsea
- 19. ágúst Manchester City – Manchester United

Við eigum eftir að eiga góðan vetur saman.

**SÝN 2**  
enski boltinn

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05

**Extreme Makeover: Home Edition**

Nú er verið að sýna þriðju þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover: Home Edition. Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurbýggir heimili þeirra frá grunni. Í þætti kvöldsins fær Goodale-fjölskyldan nýtt heimili en þau búa í ísköldu húsi sem er að hruni komið.



► **Við mælum með DAUÐIR RÍSA Sjónvarpið kl. 22.25**

Nýr, breskur sakamálaflakur af bestu gerð. Í þáttunum segir frá Peter Boyd og félögum hans í sérstakri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Þættirnir voru gríðarlega vinsælir þegar þeir voru sýndir í Englandi og hlutu Emmy-verðlaunin sem besta leikni sjónvarpsþátturinn.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Laufskálinn
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Heima er best
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.03 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 13.00 Sakamálaaleikritið: Mótleikur
- 13.15 Á sumarvegi
- 14.03 Útlitssagan: Hótel Kalifornía
- 14.30 Í grænni lautu
- 15.03 Litir í tónum og orðum: blár
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregni
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 19.00 Á sumarvegi
- 19.40 Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
- 20.00 Hið fagra mun sigra að lokum
- 21.40 Slæðingur
- 21.55 Orð kvöldsins
- 22.15 Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons Pym
- 22.45 Kvöldtónar
- 23.10 Hvítu svingdúrnar
- 00.10 Útlitssagan á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlitssaga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlitssaga Latibær / Fjölskyldu útlitssaga FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlitssaga Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

**17:25 Arnold Schwarzenegger-mótið 2007** Þetta mót heitir í höfuðið á ríkisstjóra Kaliforníu sem áður gerði garðinn frægan í vaxtarækt. Hér er á ferðinni mót sem orðið er að stórviðburði í íþróttaheiminum.

**18:00 Augusta Masters Official Film** Þáttur um hið magnaða Masters golfmót. Mótið fer ávallt fram á Augusta National vellinum í Georgíu fylki. 18:55 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 2. umferð

**21:00 Íslandsmótið í golfi 2007** Samantekt frá Íslandsmótinu í högggleik árið 2007 sem fram fór á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði. Farið yfir gang mála hjá báðum kynjum, viðtöl og bestu tilprifin.

**22:10 PGA Tour 2007 - Highlights** (Canadian Open) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótariðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilprifin fyrstu þrjá keppisdagana en svo er efstu kylfingunum fylgt eftir á lokaholunum.

**23:05 Heimsmótaröðin í Póker 2006**  
**00:00 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 2. umferð**

BBC PRIME

6.15 Come Outside 6.30 Andy Pandy 6.35 Teletubbies 7.00 House Invaders 7.30 Home Front 8.30 Perfect Properties 9.00 Garden Challenge 9.30 Big Cat Diary 10.00 Big Cat Diary 10.30 Keeping Up Appearances 11.00 As Time Goes By 11.30 My Family 12.00 Hetty Wainthropp Investigates 13.00 Waking the Dead 14.00 House Invaders 14.30 Get a New Life 15.30 Bargain Hunt 16.00 As Time Goes By 16.30 My Family 17.00 Little Angels 17.30 Little Angels 18.00 Waking the Dead 19.00 Little Britain 19.30 The Mighty Boosh 20.00 Knowing Me, Knowing You... With Alan Partridge 20.30 Nighty Night 21.00 Waking the Dead 22.00 Keeping Up Appearances 22.30 Little Britain 23.00 The Mighty Boosh 23.30 As Time Goes By 0.00 My Family 0.30 EastEnders 1.00 Waking the Dead 2.00 Hetty Wainthropp Investigates 3.00 Perfect Properties 3.30 Balamory 3.50 Tweenies 4.10 Big Cook Little Cook 4.30 Tikkabilla 5.00 Boogie Babies 5.15 Tweenies 5.35 Balamory 5.55 Big Cook Little Cook

DR 1

6.00 SommerSummarum 7.35 Yu-Gi-Oh! 7.55 Grænseskoven 8.25 Træet med de gyldne æbler 8.40 Shin Chan 8.50 Dyrer-Internatet 9.20 Vagn på floden 10.00 TV Avisen 10.10 Desperate boligdrømme 10.40 Med rygsek 11.05 Vildmark 11.35 Verdens vildeste vanvid 12.05 Dawsons Creek 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.05 Pigebandet Frank 13.30 SommerSummarum 15.05 Trolddomsæskan 15.30 Min farfars rekordbog 16.00 Når søkøerne rejser hjemmefra 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 SommerVejret 17.05 Sherlock Holmes 18.00 Hokus Krokus 18.30 Smag på Danmark - med Meyer 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 Sommervejret på DR1 19.45 Colditz 21.15 Seinfeld 21.40 Født på bordet 5.30 Home things 5.35 Anton 5.40 Byggemand Bob 5.50 Tagkammerater 6.00 SommerSummarum

NKI

6.00 Teddy og Annie 6.15 Postmann Pat 6.35 Noahs dyrebare øy 7.00 Gjengen på taket 7.15 De tre vennene og Jerry 7.35 Trollz 8.00 Laura Trenter 8.30 Med hjertet på rette staden 9.15 Jukeboks: Sport 10.00 Jukeboks: Norsk på norsk 11.00 Jukeboks: Ut i naturen 12.00 Jukeboks: Dansefot 13.15 The Tribe - Den nye morgendagen 13.40 Lyoko 14.05 Kalkrigen 15.50 Oddasat - Nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Lille Prinsesse 16.15 Robotgjengen 16.25 Den beste på laget 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ut i naturen: Myggen - sumpenes hersker 17.55 Nigellas kjøkken 18.25 Med torsk til Lofoten 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Siste nytt 19.10 Sommeråpent 19.55 Romerrikets vekst og fall 20.45 Extra-trekning 21.00 Kveldsnytt 21.15 Norge i dag 21.25 Fuglene 5.30 Sommermorgen 5.55 Peppa Gris 6.00 Teddy og Annie

SVT 1

7.15 Hej hej sommar 7.16 Tintin 7.45 Blue Water High 10.00 Rapport 10.05 Sista cigarettin 10.35 Kunskap och vetande 12.30 Fridolf sticker opp! 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Runt omkring på Island 15.30 Bergen - Kirkenes t/r 16.00 Bolibompa 16.25 Bolibompas sommartips 16.30 Hej hej sommar 16.31 Tintin 17.00 Blue Water High 17.30 Rapport 18.00 Allsång på Skansen 19.00 Morden i Midsomer 20.35 Livräddarna 21.05 Rapport 21.15 Six Feet Under 22.10 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige



# Átak í gúst 4 vikna námskeið

## KONUR ÁTAK

## KARLAR ÁTAK

Hefst 8.ágúst - skráning hafin!

**Haustdagskráin byrjar 5. September**

Danstúdió, Herþjálfun, Peak Pilates, Ropeyoga, Meðgönguþega og mikið úrval opinna tíma í Jóga, Salsa, Shape, Spinning, Leikfimi og m.fl.

Opnum nýja Heilsuræktarstöð við Lágafellssundlaug í Mosfellsbæ í september.



Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - Í húsi Orkuveitunnar s.562 8200

www.worldclass.is - worldclass@worldclass.is

## BESTI BITINN Í BÆNUM



„Það að fá sér eina „pullu“ eða tvær á Bæjarins bestu er alltaf klassískt.“

Védís Hervör Árnadóttir söngkona.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. ofstopi 6. hljóm 8. vel búin 9. draup 11. í röð 12. mont 14. transistor 16. átt 17. útsjónarsöm 18. kvenkyns hundur 20. frú 21. trúflun.

LÓDRÉTT 1. fita 3. tveir eins 4. fax 5. utan 7. naggrís 10. bar að garði 13. hólf 15. sjá eftir 16. arinn 19. bókstafur.

## LAUSN

LÓDRÉTT: 1. töl, 3. ff, 4. símbref, 5. iðra, 7. kom, 13. bás, 15. inn, 16. marvín, 10. kom, 13. bás, 15. 17. séð, 18. tik, 20. fr, 21. óháð.

LÁRÉTT: 2. ós, 6. óm, 8. fin, 9. lak, 11. mm, 12. g, 14. smá, 16. sv, 17. séð, 18. tik, 20. fr, 21. óháð.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Japan
- 2 Ingvi Þór Kormásson
- 3 Björgvin Sigurbergsson og Nína Björk Geirsdóttir

**PAR SEM ALLT SNÝST UM FÓTBOLTA!**

WWW.GRAS.IS

## Rottweiler ræðst á eftirlitsþjóðfélagið

„Lagið snýst um þetta 1984-kjaftæði sem komið er upp í þessu þjóðfélagi, hvernig fylgst er með öllum eins og þeir séu glæpamenn,“ segir Erpur Þ. Eyvindarson, forspraki raphljómsveitarinnar XXX Rottweilerhunda. Erpur og félagar tóku um helgina upp myndband við fyrsta nýja lag sveitarinnar í nokkur ár. Lagið hefur ekki enn fengið nafn en Erpur segir boðskapinn skýran og textinn eigi eftir að verða sprengja inn í umræðuna.

„Það er eins og allir Íslendingar séu þátttakendur í stórum raunveruleikaþætti. Munurinn er bara sá að enginn fær borgað. Ég er búinn að vera að þæla mikið í þessu hvernig fylgst er með fólki,

í gegnum netið, eftirlitsmynda vélar, kreditkort, símhleranir og fleira, og hvernig stjórnvöld og valdhafar nýta sér þetta. Þetta er mjög hart og flott lag,“ segir Erpur og að stefnt sé að því að klára lagið nú í vikunni svo það verði komið í útvarpsspilun áður en hljómsveitin treður upp á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Erpur viðurkennir að íslenska raphljómsveitin, sem náði hámarki fyrir um fimm árum, sé í rénun. „Ég ætlaði ekki að trúa því hvað allt var dautt þegar ég kom heim frá Svíþjóð. Við viljum þó meina að þeir hördustu séu enn að. Það er bara búið að sía út liðið sem var eitthvað að djóka.“

- hdm



FRÍÐUR HÓPUR Rottweilerhundarnir fengu fjölmarga vini og kunningja til að koma fram í myndbandi sem tekið var upp um helgina. Í takt við umfjöllunarefni, sem er eftirlitsþjóðfélagið, voru flestir með klúta yfir andlitinu eins og þeir væru glæpamenn.

LIÓSMYND/MAGNÚS MÁR



SVADILFARAR Emil Grímsson, Hjalti Hjaltason og Haraldur Pétursson aðstoðuðu sjónvarpsstjórnurnar úr Top Gear við að keyra á segulpólinn.

EMIL GRÍMSSON: KEYRDI AÐ SEGULPÓLNUM ÁSAMT TOP GEAR

## Afar krefjandi ævintýri

Þrjú starfsmenn Arctic Truck tókust á hendur svadilför ásamstíð sjónvarpsmönnum frá Resolute úr sjónvarpsmönnum Top Gear, sem sýndur er á BBC við miklar vinsældir. Þeir Emil Grímsson, framkvæmdastjóri Arctic Trucks, Hjalti Hjaltason og Haraldur Pétursson lögðu sjónvarpsmönnum um lið við að komast á svokallaðan segulpól á norðurheimsskautinu. „Þetta var heilmikið ævintýri,“ sagði Emil í samtali við Fréttablaðið, en hann hafði þá nýlök við að horfa á þáttinn, sem var sýndur á BBC síðastliðinn miðvikudag.

Í Top Gear takast þáttastjórnendur ídulega á við ýmis konar áskoranir. Að þessu sinni kepptu þeir Jeremy Clarkson og James May, sem óku Toyota Hilux-bíl frá Arctic Trucks, við Richard Hammond, sem ók hundasleða, um hverjir yrðu fyrstir til að komast á segulpólinn. „Það hefur verið staðið fyrir gönguförum frá Resolute í Norður-Kanada á segulpólinn í mörg ár, en það hefur enginn farið á bíl svo við vitum til. Innfæddum í Resolute fannst þetta fáránleg hugmynd,“ sagði Emil og hló við. Top Gear hafði samband við Toyota, sem

bað svo Arctic Trucks að útvega farartæki í svadilförina. „Við höfum þvælst um Grænland hvert og endilangt, svo við höfum dálitla reynslu af þessu,“ sagði Emil.

Svadilförin átti sér stað í lok apríl og byrjun maí, en henni hafði þá verið frestað um mánuð. „Veðurfræðingurinn í Resolute sagði að við værum orðnir of seindir, að ísinn væri orðinn svo þunnur að við gætum dottið í gegn. Þá varð fólkl svölitið stressað,“ sagði Emil yfirvegaður. Upphaflega átti hann ekki að vera með í för á pólinn, en vegna óróans út af þykkt íssins, og sökum þess að hann var einn af fáum sem gat keyrt í snjónum, varð úr að hann fylgdi ferðalöngum. „Ég samþykkti að lokum að fara á undan á sleða, með bor til að mæla þykkt íssins. Svona til að friða mannskapinn,“ útskýrði Emil.

Hann sér ekki eftir því, þó að ferðalagið hafi tekið sinn toll. „Þátturinn sýnir ekki alveg einhvers hrikalega þreyttir menn voru orðnir. Þetta voru mikil átök, og fólk vantaði hreinlega svefn. Það fóru allt að fjórir tímar, bæði kvöld og morgna, í að koma upp búðum og bræða upp vatn til að

drekka og elda mat. Það er bara heill vinnudagur. Svo þarf að mynda og keyra inn á milli,“ sagði hann. Ferðlaginu fylgdu aðrir kvillar, því Emil segist hafa gleymt öllu öðru meðan á því stóð. „Eftir viku fór það svo aðeins að rifjast upp fyrir mér hvaða ábyrgð maður hefði svona í lífinu,“ sagði hann og hló við.

Emil segir samfylgdina við Top Gear-menn hafa verið afar ánægjulega. „Þeir komu mér eiginlega á óvart, þeir voru allir svo miklir atvinnumenn. Þeir voru líka ótrúlega duglegir að fara út að mynda, sem er nú ekki alltaf mjög freistandi í þessum kulda,“ sagði Emil og hló. „Það var mjög gaman að vinna með þeim, þeir eru tvímælaust alveg jafn skemmtilegir og þeir eru í þáttunum,“ bætti hann við.

Ekki er ljóst hvenær umræddur Top Gear-þáttur verður sýndur hér á landi, en Skjár einn hefur haft þáttaraðirnar til sýningar. „Við höfum hug á að vera með einhvers konar frumsýningu á þáttinum í samvinnu við Skjá einn og Toyota hérna heima. En það er ekki komin nein dagsetning á það ennþá,“ sagði Emil, sæll með svadilförina.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsmaðurinn **Sverrir Þór Sverrisson**, betur þekktur sem **Sveppi**, fagnaði þrítugsafmæli sínu með sínum nánustu á neðri hæð skemmtistaðarinnar Domo um síðustu helgi. Góðvinur hans og samstarfsmaður **Auðunn Blöndal** var veislustjóri kvöldins og hann kom Sveppa á óvart með því að fá fjölmarga tónlistarmenn og skemmtikrafta til að stíga á svið. Þar á meðal voru **Þorsteinn Guðmundsson** og **Ragnhildur Gísladóttir**.



Þá mættu þeir **Páll Rósinkranz** og **Sverrir Bergmann** og sungu Rolling Stones-lög fyrir afmælisbarnið en sú sveit er í miklu uppáhaldi hjá Sveppa. **Björn Jörundur Friðbjörnsson** kom svo og söng lög með Ný danskri, annarri uppáhaldsveit Sveppa, og fékk afmælisbarnið að velja lög sem Bjössí söng. Voru gestir á einu máli um að innkoma allra listamanna sem Auðunn fékk til að mæta hefði verið hreint út sagt frábær. Meðal annarra gesta í veislunni voru **Eiður Smári Guðjohnsen** og kona hans **Ragnhildur Sveinsdóttir**, bankamennirnir **Símmi og Jói** og ýmsir félagar Sveppa í gegnum tíðina.



Afmælisbarninu voru færðar fjölmargar góðar gjafir en sú sem vakti mesta athygli var frá samstarfsmönnum hans í Strákunum, þeim Audda, **Huga Halldórssyni**, **Péttri Jóhanni Sigfússyni** og framleiðandanum **Kristófer Dignus**. Þar var um að ræða stækkaða mynd af afmælisbarninu sem tekin var í einni af fjölmörgum utanferðum Strákanna, Frikað úti. Ekki fengust nákvæmar lýsingar á myndinni en haft var á orði að hún væri þess eðlis að Sveppi gæti ekki sýnt hana í barnatímanum á Stöð 2 þegar hann tekur við á þeim bæ.

- hdm



## Einar Snorri með stuttmynd á Live Earth

Leikstjórinn Einar Snorri Einarsson leikstýrði á dögum stuttmynd í tilefni Live Earth-tónleikanna sem voru haldnir um allan heim hinn 7. júlí síðastliðinn.

Einar játar að um góða kynningu hafi verið að ræða fyrir sig og fyrirtæki hans Snorra Bros. „Þetta er ágætis áminning fyrir okkur en það er fyrst og fremst heður að fá að taka þátt í svona mikilvægu átaki.“

Myndin var á meðal fimmtíu stuttmynda sem voru spilaðar fyrir milljónir áhorfenda á milli atriða á tónleikunum. Einnig voru allar stuttmyndirnar sýndar á kvikmyndahátíð í Los Angeles. Kollegar Einarssonar Snorra úr Snorri

Bros, Eiður Snorri og Snorri Sturluson, sendu einnig inn hugmyndir að stuttmyndum en á endanum var mynd Einarssonar valin. „Við komum með þrjár hugmyndir og mín var valin,“ segir Einar Snorri og útskýrir að mynd hans sé ádeila á neysluheiminn. „Hún sýnir hvað lífið er orðið dapurt og hvað mannkynið er orðið sjúkt. Hún sýnir hvað fólk er búið að tapa

**EINAR SNORRI**  
Einar Snorri leikstýrði stuttmynd sem deilir harðlega á neysluheiminn.



sér í veraldlegum hlutum og útliti. Það vill eiga alls konar drasl og fær aldrei nóg. Það kaupir meira og meira þótt það eigi fullt,“ segir hann.

Þeir félagar í Snorri Bros hafa verið duglegir við að leikstýra auglýsingum í gegnum árin, auk þess sem tónlistarmyndbönd fyrir stór nöfn á borð við R.E.M. og The Streets hafa dottið inn á borð þeirra. „Það er



LIVE EARTH Söngkonan Fergie syngur á Live Earth-tónleikum á Wembley fyrir í sumar.


hressandi að fá að deila á þá sem maður hefur verið að vinna fyrir. Þetta réttlætir kannski aðeins þann skaða sem maður hefur gert með því að gera auglýsingar eins og til dæmis fyrir Hummer,“ segir Einar og hlær.

- fb

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

# RISA

## MARKAÐUR



Í LAUGARDALSHÖLLINNI

Nú fer veislunni að ljúka

### TÓNLIST

Íslensk tónlist - erlend tónlist - klassík - jazz

# 20%

## aðkaafsláttur af öllum vörum

### TÖLVULEIKIR

Leikir á allar leikjavélar  
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo

### DVD MYNDIR

# Aðeins 3 dagar eftir

*Púsundir  
tíla í boði*

OPH 11 - 19



## BAKÞANKAR

KARENAR D. KIARTANSDÓTTUR

Dreggjar  
samræðna

Guð blessi munninn á mér. Þessi Gsetning kemur fyrir í skáldsögunni Svartfugl eftir Gunnar Gunnarsson þegar sögupersónu þykir hún hafa sagt of mikið um atburði sem ekki ætti að tjá sig um sakir þekkingarleysis og eðli umræðuefnisins. Töluð orð eru þó gædd þeim eiginleikum að þau fuðra upp í loftinu eftir að þeim hefur verið sleppt af vörnum. Þó að orðin geti vissulega haft afdrifaríkar afleiðingar í för með sér er hægt að reka þau ofan í persónuna sem þau mælti.

**SÍÐAN** sögusmettur hófu göngu sína með slúður milli bæja hefur margt breyst. Rógberarnir þurfa ekki lengur að standa upp til að koma dylgjum sínum áleiðis. Róginn er heldur ekki hægt að rekja beint til þeirra. Nú getur sögusmettan setið sallaróleg með fikjukex og kaffibolla við tölvuna og þusað um hvers kyns mál sem hún hefur ekki hugmynd um undir dulnefni. Slefberarnir þurfa ekki að leita heimilda, afsaka neitt heldur láta þeir bara móðan mása. Öðru fólki oft til mikilla miska.

**AUÐVITAÐ** talar fólk um það sem er efst á baugi í samfélaginu þá stundina. Skynsemin og samviskan kemur þó oft í veg fyrir að það láti allt flakka sem því dettur í hug um málið hvort sem það telur að hugdettan sé skarpleg ályktun eða skemmtileg hótmyndni.

**FRÉTTAMIÐLAR** á netinu verða sífelld öflugri og notendavænni. Ef voveiflegir atburðir sem varða samfélagið allt gerast greina þeir oftast fyrstir frá þeim. Upplýsingum er svo bætt við fréttirnar eftir því sem frekari staðfestingar berast af atburðunum. Bæði viðkomandi fréttastofa og -ritari verða að gæta sín á að láta ósönn og óvarleg orð ekki falla. Sama lögmál virðist þó alls ekki gilda um fréttahýtingana eða mítlana sem flestir miðlar leyfa að leggja orð í belg á síðum sínum.


**DREGGJAR** samræðna virðast helst þrífast á vonduðum fréttamiðlum og því veltir maður því fyrir sér hvaða tilgang fréttastofurnar sjá í því að hver sem er geti hengt daunillan slúðurhala við hlið fréttanna. Að setja ófyrirleitinn orð inn á fjölförnum stað netsins er líkast því að orðin væru óskruð hástöfum í mannþröng. Allar líkur eru á því að þeir sem koma að málinu verði óþyrmliga varir við spaugið og slúðrið.

**ÞAÐ** er svo sem hægt að halda uppi vörnum fyrir andstygglegan úrganginn sem menn leyfa sér að klína utan í fréttasíður úr hugarfylgsnum sínum: og benda á að enginn sé neyddur til lestursins. Klín-ingurinn er þó þeim eiginleika gæddur að hann sést hvort sem manni líkar betur eða verr. Það hefur áhrif á hughrifin við lestur frétt-arinnar og geta hrellt þá sem koma að málinu.

**ÖLLUM** getur orðið á að reka við á almannaþæri. Að setja ófyrirleitinn orð á netið er þó líkara því að maður skíti á tröppurnar hjá nággrannanum.

**ÖFUQT** við önnur verðmæti eru orð oft þeim mun dýrari eftir því sem þau eru lágkúrulegri.

www.volkswagen.is



Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

**Golf Trendline kostar aðeins 25.490 kr. á mánuði.\***

Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka að verðmæti 280.000 kr.

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur

\*M.v. 10% útbogun og bilasamning SP til 84 mánaða.



## Volkswagen Golf er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

